

Akraneskaupstaður
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík, 19. maí 2016.
(Breytt 17. febrúar 2017)

Efni: Umsagnir um athugasemdir vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, Breiðargötu 8, 8A og 8B.

Að beiðni Sigurðar Páls Harðarsonar, skipulagsfulltrúa, f.h. Akraneskaupstaðar, hafa Landslög slf., í samráði við skipulagsfulltrúa, tekið saman umsagnir um athugasemdir sem bárust vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, Breiðargötu 8, 8A og 8B, í samvinnu við skipulagsfulltrúa. Einnig var leitað aðstoðar VSÓ Ráðgjafar vegna athugasemda um hljóðvist, losun ósons og fráveitumál.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Eftir að umsögn þessi var gerð var tillaga að deiliskipulagi samþykkt í bæjarstjórn þann 24. maí 2016. Í kjölfarið var tillagan send Skipulagsstofnun til skoðunar ásamt gögnum málsins. Með bréfi dags. 1. júlí 2016 tilkynnti Skipulagsstofnun að hún hefði farið yfir tillöguna og að stofnunin gerði athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingum um gildistöku tillögunnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna form- og efnisgalla sem stofnunin taldi vera á tillögunni. Vegna þessara ábendinga og athugasemda var unnin ítarleg deiliskráning á fornminjum á svæðinu og leitað umsagna Minjastofnunar Íslands. Þá var leitað umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Í samræmi við athugasemdir skipulagsstofnunar og umsagnir Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands hefur verið aukið við umsögn þessa. Er gerð sérstök grein fyrir þeim breytingum í umsögn þessari og bréfi til Akraneskaupstaðar dags. í dag.

I. Almennt um tillöguna og málsmeðferðina

Á fundi bæjarstjórnar þann 26. janúar var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna umsóknar HB Granda um breytingar á húsnæði fyrir fiskþurrkun félagsins á Akranes. Félagð hyggst færa alla starfsemi fiskþurrkunar á einn stað, að Breiðargötu 8. Í dag er fiskþurrkunin á tveimur stöðum, að Breiðargötu 8b og Vesturgötu 2.

Skipulagssvæðið markast af Breiðargötu til vesturs, Bárugötu í norður, ströndinni að austan og lóðarmörkum Breiðargötu 4 að sunnan og tekur til lóða nr. 2, 8, 8A og 8B við Breiðargötu, sjá nánar á skipulagsupprætti.

Deiliskipulagstillagan felur í sér að lóðarmörkum lóða á svæðinu er breytt þannig að úr framangreindum lóðum verði tvær lóðir, Breiðargata 8 og 8B. Ytri mörkum og stærð lóðanna er líka breytt. Innan þessara lóða hyggst lóðarhafi, HB Grandi hf., byggja upp og starfrækja alla fiskþurrkun sína á Akranesi. Gerir tillagan ráð fyrir að heimilt verði að byggja ný hús á lóðinni fyrir þá starfsemi í tveimur áföngum. Vegna fyrirhugaðrar starfsemi fylgir tillögunni umhverfisskýrsla sem er hluti deiliskipulagstillögunnar þar sem gerð er grein fyrir áhrifum starfseminnar, aðgerðum til að lágmarka neikvæð grenndaráhrif og hvernig áhrifin verði mæld.

Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að gerð verði um 0,4ha. landfylling og sjóvarnargarður til að verja hús og lóðir fyrir ágangi sjávar. Hámarksbyggingarmagn á lóðinni að Breiðargötu 8B, þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum, verður 6.868m². Hámarkshæð bygginga má vera 13m miðað við hæð gólfplötu aðkomuhæðar.

Eftir byggingu fyrsta áfanga gerir HB Grandi hf. ráð fyrir að afköst fiskþurrkunar fari úr 170 tonnum á viku í 250-300 tonn. Við byggingu annars áfanga muni afköstin aukast um 300-350 tonn á viku. Fram kemur í tillögunni að óheimilt sé að veita byggingarleyfi fyrir öðrum áfanga nema tekist hafi að tryggja að umhverfisáhrif vegna fyrsta áfanga verði fullnægjandi.

Samantekin niðurstaða umhverfisskýrslu er að bætt húsnæði og búnaður muni draga verulega úr lyktarmengun í nærumhverfi starfseminnar þrátt fyrir aukna afkastagetu. Ekki verði hægt að komast hjá allri lyktarmengun en lykt sem metin verði með stöðluðu lyktarskynmati í 250 m frá þurrkuninni ætti ekki að vera meiri en dauf nema í undantekningartilvikum. Lítilla áhrifa eigi því að gæta á íbúðarbyggð. Áhrifsvæði breytist ekki þó annar áfangi verði tekinn í notkun.

Tvö ár eru síðan umsókn barst frá HB Granda vegna málsins. Fyrri bæjarstjórn fór í kynnisferð í verksmiðjuna Haustak sem er rekin á Reykjanesi. Skipulags- og umhverfisráð fékk í kjölfarið VSÓ ráðgjöf til að gera úttekt á þeirri tækni sem HB Grandi hugðist beita til að takmarka lyktarmengun.

Á fjölmönnum íbúafundi sem haldinn var í maí 2015 fór fulltrúi frá VSÓ yfir helstu niðurstöður varðandi hugsanleg grenndaráhrif áforma HB Granda um að færa fiskþurrkunina á einn stað og að auka framleiðslugetu. Drög að skipulagstillögunni voru kynnt og fulltrúi HB Granda kynnti hugmyndir fyrirtækisins um verulega uppbyggingu á Akranesi og fyrirhugaða stækkun fiskþurrkunarinnar.

Skipulags- og umhverfisráð tók málið fyrir og vísaði til bæjarstjórnar í lok september 2015. Bæjarstjórn samþykkti að óska eftir ítarlegri skipulagsgögnum frá HB Granda áður en tekin yrði afstaða til umsóknarinnar. Sérstaklega var óskað eftir gögnum varðandi búnað og aðferðir til að lágmarka grenndaráhrif starfseminnar, einkum lyktarmengun. Bæjarstjórn vísaði málinu aftur til skipulags- og umhverfisráðs.

HB Grandi lagði fram endurskoðaða og ítarlegri tillögu að deiliskipulagi með umhverfisskýrslu, þar sem m.a. er gerð grein fyrir til hvaða aðgerða fyrirtækið hyggst grípa til að lágmarka lyktarmengun, hvaða markmið væru sett fram um lágmarkun lyktar og mælikvarða með lyktarskynmati.

Þann 21. janúar samþykkti skipulags- og umhverfisráð að auglýsa tillöguna til kynningar og var sú afgreiðsla staðfest í bæjarstjórn þann 26. janúar sl. eins og rakið er að framan. Áður höfðu bæjarfulltrúar og fulltrúar Betri byggðar á Akranesi kynnt sér sambærilega starfsemi í Þorlákshöfn, á Sauðarkróki og í Grindavík. Á Sauðarkróki var einnig rætt við bæjarstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfisviðs og farið yfir feril málsins þar.

Í kjölfarið var haldinn annar íbúafundur þar tillagan og skipulagsferlið voru kynnt af hálfu sveitarfélagsins auk þess sem fulltrúi HB Granda kynnti umhverfismarkmið fyrirtækisins o.fl.

Tillagan var síðan auglýst til kynningar og athugsemda frá 12. febrúar til 30. mars sl.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 24. maí 2016 ásamt umsögn um athugasemdir frá 19. maí 2016. Með bréfi 26. maí var tillagan send Skipulagsstofnun til yfirferðar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Með bréfi dags. 1. júlí 2016 tilkynnti Skipulagsstofnun að hún hefði farið yfir tillöguna og að stofnunin gerði athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingum um gildistöku tillögunnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna form- og efnisgalla sem stofnunin taldi vera á tillögunni.

II. Yfirlit yfir athugasemdir

Á kynningartíma tillögunnar bárust 53 athugasemdir og ábendingar. Þá bárust þrjár undirskriftarlistar.

Undirskriftarlisti á vegum „Betra Akraness“, með nöfnum 520 einstaklinga, þar sem tillögunni er mótmælt og áformum um að stærsta fiskþurrkun á Íslandi verði reist við íbúðabyggð á Neðri-Skaganum. Lyktarmengun muni rýra lífsgæði á Akranesi, sérstaklega á Neðri-Skaga, hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins, Sementsreits og ímynd og ásýnd Akraness. Er skorað á bæjaryfirföld að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Undirskriftarlisti, með nöfnum 74 einstaklinga, sem ekki eru með lögheimili á Akranesi þar sem tillögunni er mótmælt á sömu forsendum og sjónarmiðum og samkvæmt undirskriftarlista „Betra Akraness“.

Þá barst undirskriftarlisti, með 767 undirskriftum, þar sem lýst er stuðningi við tillöguna og uppbyggingaráform HB Granda.

III. Umsögn um athugasemdir

Hér verður fjallað um athugasemdir og ábendingar sem koma fram í bréfum greindra aðila. Fjallað verður um athugasemdir í sömu röð og gerð er grein fyrir þeim í bréfunum. Fyrst verður gerð stuttleg grein fyrir hverri athugasemd og henni því næst svarað. Um athugasemdirnar í heild vísast til þeirra sjálfra.

1. Hallgrímur Hallgrímsson, dags. 30. mars 2016

Upplýsir að hann hafi starfað við sölu fasteigna á Akranesi frá 1973 í 29 ár. Vegna mengunar og staðsetningar Sementsverksmiðju Ríkisins hafi á þessu tímabili fjöldi skaðabótakrafna verið reistur og leystur með og án atbeina dómstóla þar sem m.a. var fjallað um rýrnun fasteigna. Spyr hvort sveitarfélagið vilji taka þann slag? Vandaða greiningu þurfi á því hvaða aðili muni hugsanlega greiða bætur ef af verður. Umsóknaraðili lofi ekki lyktarleysi og því gætu kröfur beinst að bæjarsjóði og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Í þessu geti falist fjárhagsáhætta.

Umsögn:

Í 51. gr. skipulagslaga nr. 123 frá 2010 er fjallað um bætur vegna skipulags og mögulega skyldu til yfirtöku eigna. Í 1. mgr. segir:

„Leiði skipulag eða breyting á skipulagi til þess að verðmæti fasteignar skerðist verulega, umfram það sem við á um sambærilegar eignir í næsta nágrenni, á sá er getur sýnt fram á tjón af þeim sökum rétt á bótum frá viðkomandi sveitarfélagi.“

Í 3. mgr. sömu greinar segir um yfirtöku eignar:

„Í stað bóta skv. 1. eða 2. mgr. getur eigandi krafist yfirtöku eignar í heild gegn fullu verði, enda taki tjónið til eignar í heild eða sá hluti hennar sem eftir stendur verður ekki nýtilegur á eðlilegan og sanngjarnan hátt sem sjálfstæð fasteign. Taki takmörkun á nýtingu eignar skv. 2. mgr. aðeins til hluta eignar getur eigandi jafnframt krafist yfirtöku á þeim hluta hennar gegn fullu verði í stað bóta. Aðeins er skylt að verða við kröfu um yfirtöku eignar eða hluta hennar ef hún skerðist þannig að hún verður ekki nýtt á eðlilegan hátt í samræmi við hefðbundna notkun aðliggjandi eigna.“

Leiði skipulagið til þess að verðmæti eigna, t.d. á Neðri-Skaga, skerðist verulega umfram aðrar eignir á Akranesi gæti sá sem sýnt gæti fram á það með mati dómkvaddra matsmanna sótt skaðabætur vegna þess á sveitarfélagið eða krafist innlausnar verði eign ekki lengur nýtanleg á eðlilegan hátt.

Gangi fyrirætlanir félagsins eftir, eins og þeim er lýst í umhverfisskýrslu, þannig að lyktarmengun af verksmiðjunni verði lítil og önnur umhverfisáhrif ekki meiri en af hefðbundinni fiskvinnslu, er ólíklegt að það leiði til bótaskylds tjóns enda verið að bæta ástandið miðað við núverandi stöðu. Gangi fyrirætlanir félagsins ekki eftir og leiði það til lækkunar á fasteignaverði gætu eigendur fasteigna á svæðinu mögulega sótt tjón vegna verðryrnunar á eignum sínum á sveitarfélagið.

2. Steinunn Eva Þórðardóttir, dags. 31. mars 2016

Vísar til áhrifa Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið. Markaðir og atvinnulíf þurfi að aðlaga sig að breyttum tíma. Vistvæn starfsemi muni skilja að þá sem halda muni velli til framtíðar. Ósamræmi við það að leyfa mengandi iðnað í nálægð við íbúðabyggð. Skorar á bæjaryfirföld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Í umfjöllun um athugasemdir vegna áhrifa þessarar breytingar er ekki tilefni til að fjalla um áhrif Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið. Vegna umsóknarinnar hefur Sveitarfélagið ljáð máls á því við HB Granda hvort mögulegt sé að staðsetja starfsemina annar staðar í sveitarfélaginu. Í umhverfisskýrslu vísar félagið til þess að þessi staðsetning sé valin vegna framtíðarsýnar HB Granda á svæðinu. Sú sýn snúist um uppbyggingu bæði bolfiskvinnslu, uppsjávarvinnslu og virðisaukandi starfsemi sem tengist þurrkun félagsins. Kaup félagsins á Laugfisk hafi byggt á staðsetningunni. Hagræði í því að hafa fiskþurrkun í næsta húsi við bolfiskvinnslu sé mikið, minnki sótspor og bjóði upp á aukin gæði vegna minni flutninga. Félagið hefur með vísan til framangreinds lagt áherslu á þessa staðsetningu og ekki viljað ræða aðra staðsetningu innan sveitarfélagsins. Í minnisblaði frá forstjóra HB Granda hf. segir um þetta:

„Það hefur oft komið fram að ein helsta forsenda þess að HB Grandi hf. keypti þurrkunina er staðsetning hennar. Önnur staðsetning er forsendubrestur fyrir kaupunum og hefði félagið byggt nýja verksmiðju annars staðar og sparað sér kaupin væri önnur staðsetning álitleg.“

Staðsetningin er ekki einungis hagkvæm vegna kostnaðar og hagræðis við flutninga heldur koma einnig til atviki sem tengjast umhverfinu eins og umferð flutningabíla með tilheyrandi sótspori í stað flutninga milli húsa með lyftara. Uppistaða þurraðra afurða er þorskhausar og hryggir sem koma úr bolfiskvinnslu félagsins á Akranesi eða úr næsta húsi. Árið 2015 unnum við þurraðar afurðir úr 7.225

tonnum. Framan af árinu keyptum við af tveimur fyrrum viðskiptavinum þurrkunarinnar alls um 1.390 tonn. Þeim viðskiptum hefur verið hætt og hefur eingöngu verið unnið úr eigin afla félagsins síðan. Af eigin afla sem unnið var úr eru 4.375 tonn af þorskafurðum, hausar og hryggir og 1.460 tonn af ufsa, aðallega hausum. Þorskafurðirnar koma að stærstum hluta til úr næsta húsi við fiskþurrkunina en ufsinn er fluttur frá Norðurgarði í Reykjavík. Við erum að horfa til þess að um 80% af því sem þurrkað verður úr fellur til frá bolfiskvinnslunni á Akranesi. Fyrir utan hagræðingu af staðsetningu eru helstu forsendur fyrir rekstri og þar með kaupunum á fiskþurrkuninni aðgangur að heitu vatni og hæft og reynslumikið starfsfólk sem er sátt við núverandi staðsetningu.

Fyrsti áfangi stækkunar er fyrst og fremst til að draga úr óþægindum vegna lyktar, nútímavæðingar, lagfæringar á aðstöðu og hagræðingar. Þá eru miklar vonir bundnar við að þorskkvóti verði aukin verulega á næstu árum. Þurrkunin hefur ekki annað því sem til fellur hjá okkur þegar vel veiðist og höfum við selt nokkurt magn annað í þurrkun. Það eru ekki uppi neinar fyrirætlanir um að auka kaup frá öðrum þrátt fyrir aukna afskastagetu. Seinni áfangi stækkunar sem þarf sérstakt leyfi ef af henni verður er fyrst og fremst til að taka í notkun svokallaða færibandapurrkun sem er í tilfellum hagkvæmari en þurrkun í klefum.

Að lokum má geta þess að það stendur ekki til að reka fiskþurrkun á Akranesi hvað sem tautar og raular. Þ.e.a.s. HB Grandi mun ekki standa í þeim rekstri ef að markmið um lámörkun óþæginda vegna lyktar nást ekki. Það er erfitt að segja til um hvenær fullreynt er en ég mynda halda að ef ekki sæist til sólar hvað það varðar til að mynda tveim árum eftir að ný viðbygging verður tekin í notkun gæti það talist fullreynt.“

3. Ólafur Páll Gunnarsson og Stella María Sigurðardóttir, dags. 30. mars 2016

Tekur fram að hann sé ekki íbúi en eigandi húsnæðis á Skólabraut 33 sem geti orðið heimili hans fyrr eða síðar. Skref afturábak ef leyft. Starfsemiinni fylgi lyktarmengun sem trufla ekki alla en nægilegt sé að hún trufla marga. Slík mengun muni hafa neikvæð áhrif útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins.

HB Grandi hafi ekki sýnt fram á að koma megi í veg fyrir lyktarmengun þannig að íbúar í nágrenninu verði ekki fyrir óþægindum. Fullyrt sé í umhverfisskýrslu að drjúgur hluti byggðar Neðri-Skaga muni verða áfram fyrir barðinu á lyktarmengun. Hægt sé finna staðsetningu sem trufla ekki fólk. HB Grandi hafi ekki sýnt fram á neitt nýtt, ekki nýjar græjur bara ný hús og aukin framleiðsla um helming og aftur um helming. Hráefni sjaldan ferskt og svo taki við nokkurra daga þurrkprósess. Tálkn í fiski byrji að skemmast/lykta stuttu eftir að fiskur sé kominn á land. Gera eigi tilraunir með þurrkun loðnu og Kolmuna. Hann vilji ekki vera tilraunadýr við þær tilraunir.

Upplýsir að hann þekki mann sem reki tvær slíkar verksmiðjur erlendis því ekki hafi fengist leyfi fyrir þeim hér. Maðurinn hafi sagt að þetta væri ógeðsleg vinnsla sem ekki eigi heima þar sem fólk býr. Ekki bara loftið frá starfsemi heldur líka grútardrullan sem lekur úr hausnum.

Steinsvör, sem sé merkilegt svæði, hverfi undir landfyllingu. Varlega þurfi að fara þegar náttúran eigi að víkja fyrir mannvirkjum. Finnst bera vott um skammsýni.

Um sé að ræða erfitt mál en tímaskekkja sé að setja verksmiðjuna niður á þessum stað sem bæjarbúar þurfi að blæða fyrir í langan tíma. Verði hún sett niður á þessum stað verði erfitt að losna við hana þrátt fyrir að forstjóri Granda fullyrði að fyrirtækið hyggist ekki reka starfsemiina í andstöðu við bæjarbúa. Forstjórar komi og fari og málaferli við félagið geti orðið dýr.

Áskilja sér rétt til skaðabóta sem skaði hljóttist af verksmiðjunni.

Umsögn:

Engu breytir þó athugasemdaaðili sé eigandi húsnæðis en ekki íbúi. Hann á beinna lögmætra hagsmuna að gæta. Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó nokkrar fyllingar verði gerðar framan við lóðina sem að hluta ná út í Steinsvör. Takist HB Granda ekki að koma böndum á lyktarmengunina kann að gæta tregðu við að flytja starfsemina vegna þeirra fjármuna sem lagðir hafa verið í hana á þessum stað. Forstjóri HB Granda hefur hins vegar lýst því yfir opinberlega að félagið muni ekki standa í stríði við íbúa takist félaginu ekki að ná markmiðum sínum varðandi lyktarmengun. Í minnisblaði frá forstjóra HB Granda segir um þetta:

„Að lokum má geta þess að það stendur ekki til að reka fiskþurrkun á Akranesi hvað sem tautar og raular. Þ.e.a.s. HB Grandi mun ekki standa í þeim rekstri ef að markmið um lánörkun óþæginda vegna lyktar nást ekki. Það er erfitt að segja til um hvenær fullreynt er en ég mynda halda að ef ekki sæist til sólar hvað það varðar til að mynda tveim árum eftir að ný viðbygging verður tekin í notkun gæti það talist fullreynt.“

Um bótaskyldu og aðra staðsetningu vísast til umsagna um athugasemdir nr. 1 og 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Unnin hefur verið deiliskráning fornleifa fyrir svæðið, skýrsla Fornleifastofnunar Íslands, dags. desember 2016, „Deiliskráning fornleifa á Sýruparti á Akranesi“. Var það gert m.a. vegna ábendinga Minjastofnunar Íslands um að fyrri fornminjaskráning, frá árinu 1999, sem sýndi engar fornminjar á svæðinu væri barn síns tíma og m.a. til að meta gildi þess að halda í hina svokölluðu Steinsvör. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að á svæðinu, lóð 8A fundust leifar leifar grjótgards og lítillar tóftar. Þá var bent á að gætu að auki verið mannvistarleifar undir sverði frá byggðatíma Efra-Sýruparts og tómthúsa sem þar stóðu en ekki sjást ummerki um. Hafa þessar minjar verið merktar inn á skipulagsgögn og sett sú kvöð í skipulagið að óheimilt sé að veita byggingarleyfi fyrir 1. áfanga nema að undangenginni rannsókn á skráðum minjum innan lóðarmarka áfanga 1, sjá Adolf Friðriksson og Gylfi Helgason 2016, deiliskráning forleifa á Sýruparti á Akranesi, Fornleifastofnun Íslands, og sýringauppdrátt-innmæling forleifa. Niðurstöður þeirra rannsókna ber að bera undir Minjastofnun Íslands. Í umsögn sinni frá 23. janúar 2017 hefur Minjastofnun Íslands fallist á þetta.

Hvað varðar hina svokölluðu Steinsvör þá er svohljóðandi umfjöllun um vikina í niðurstöðukafla deiliskráningarinnar:

„Í vikin milli Heimaskagakletta og Gellukletta stóðu bryggjur sem reistar voru 1895 og 1908. Leifar eldri bryggjunnar eru sennilega horfnar, en eftir standa steinsteypdir stöplar sem gætu verið frá 1908 eða síðar, er yngri bryggjan var endurbætt. Fyrir tíð bryggjgerðar var lent í vikin og helstu varir nefndar eftir bæjunum í kring. Efri hluti vikurinnar hefur verið fylltur, til sjóvarnar og vegna annarra byggingaframkvæmda, einkum á fyrri hluta 20. aldar. Varirnar í vikin lentu undir landfyllingu, í áföngum, á 20. öld. Engar heimildir liggja fyrir um að svonefnd Steinsvör sé elst, eða yfir höfuð forn, eða upphafsreitir útgerðar á Akranesi hvort sem miðað er við landnám, á miðöldum, á 17. öld eða síðar. Á Akranesi eru allmargir lendingastaðir, en lítið vitað um aldur þeirra. Strendur Akraness hafa breyst stórkostlega í gegnum tíðina vegna ágangs sjávar. Þar eru nú einna mestu sjóvarnargarðar landsins, eftir nær allri strandlengju kaupstaðarins og hafa þeir hamið landeyðinguna. Vandasamt er að varðveita í senn gamlar lendingar og verja land fyrir sjávarrofi. Fyrir tíð sjóvarnargarða var ágangur sjávar mikill og

tók byggð jafnvel af á stöku bæjum eftir verstu stórviðrin. Er sennilegt er að elstu lendingarstaðirnir hafi verið utar en núverandi strönd, en landeyðing síðustu alda afmáð öll ummerki um þá. Þeir sem eftir stóðu hafa flestir lent undir landfyllingu og sjóvarnargörðum.“

Þrátt fyrir framangreint var ákveðið að minnka fyllingu inn í hina svokölluðu Steinsvör úr 1100fm. í 600fm. til að halda í vörina. Eftir þá breytingu gerir Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyllinguna. Í þessu sambandi er þó minnt á að verði framtíðaráform um fyllingar á svæðinu að veruleik, skv. nógildandi og tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi að veruleika verður fyllt í vörina í heild.

Um útvist, gönguleið og aðgengi þá hefur verið aukið við umfjöllun um skipulagssvæðið og staðhætti inn í kafla 2 í umhverfisskýrslu. Er vísað til þess að almennt sé gert sé ráð fyrir gönguleiðum og stígum meðfram ströndinni nema á Breiðinni þar sem byggt hafi verið ofan í fjöru á nokkrum stöðum. Gönguleiðir liggja eftir götum ofan húsanna. Aðgengi sé þó að sjónum, klöppunum og Steinsvör og Skarfavör þó megingönguleiðir liggja ekki um þær.

4. Dagrún Dagbjartsdóttir og Halldór Jónsson, dags. 30. mars 2016.

Íbúar að Víðigrund 14. Telja að lyktarmengun muni minnka stórlega og hverfa að mestu. Það sé framfaraskref. Uppbygging HB Granda mun treysta atvinnulíf á Akranesi og þar með mannlíf. Akranes muni áfram njóta styrku stoðar sem sjávarútvegur hefur verið og í betri sátt en verið hefur. Framfarir í umhverfismálum og styrking byggðar og mannlífs sé fagnaðarefni.

Umsögn:

Athugasemdin virðist byggja á umhverfisskýrslu HB Granda. Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útvistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin mun hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

5. Guðmundur Árnason, dags. 30. mars 2016.

HB grandi hafi ekki sýnt fram á að koma megi í veg fyrir lyktarmengun þannig að íbúar í nágrenninu verði ekki fyrir óþægindum. Fullyrt sé í umhverfisskýrslu að drjúgur hluti byggðar Neðri-Skaga muni verða áfram fyrir barðinu á lyktarmengun. Í umhverfisskýrslu sé ekki minnst á hvernig takast eigi á við aðra umhverfispætti eins og aukna hávaðamengun frá blásurum eða vegna mikils magns ósons sem nota eigi við vinnsluna. Skorar á bæjaryfirföld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útvistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum.

Eins og kemur fram í umhverfisskýrslu er óson besta þekkta leiðin sem til er í dag við lyktareyðingu í fiskþurrkunum. Þessi aðferð er notuð víða og ekki hafa komið upp, svo vitað sé til, tilvik þar sem notkun efnisins í þessum tilgangi hafi ógnað heilsu manna eða dýra. Óson (O₃) er mjög óstöðugt og brotnar hratt niður í hreint súrefni (O₂). Óson sem notað er við fiskþurrkun og aðra vinnslu er búið til sérstaklega með þar til gerðum búnaði undir mjög stýrðum aðstæðum. Öll ósontæki eru með skynjurum sem tryggja réttan ósonstyrk svo mönnum

stafi ekki hætta af ósoninu. Hægt er að mæla styrk ósons í aflofti. En þær niðurstöður myndu samt aðallega segja til um hvort það væri örugglega ekki verið að nota nógan styrk til meðhöndlunar á lofti frekar en að styrkur væri svo hár að hann færi að hafa heilsuspillandi áhrif.

Óson hefur þann kost að skilja aðeins eftir sig súrefni en ekki nein hættuleg aukefni hvort sem er í vatni, fráveituvatni eða lofti og veldur því ekki mengun heldur þvert á móti dregur úr mengun og er það mjög mikilvægur eiginleiki.

Notkun ósons við hreinsun og sótthreinsun er því ekki talin hafa áhrif á hækkandi ósonstyrk í andrúmslofti og því ekki talin ástæða til sérstakra vöktunar eða mótvægisáðgerða annarra en þeirra sem koma fram í reglugerð um styrk ósons nr. 745/2003. Í reglugerðinni segir að „í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum ósons skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun af völdum ósons og beita skal til þess bestu fánlegu tækni“. Umfjöllun um sértækar áðgerðir tilheyra starfsleyfisumsókn og því ekki getið sérstaklega í umhverfisskýrslu deiliskipulags. Umhverfisstofnun hefur fylgst með bakgrunnsstyrk ósons og hingað til hefur ósonmengun ekki valdið heilsuspillandi áhrifum á Íslandi.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd 2.

6. Ágústa Friðriksdóttir, dags. 30. mars 2016.

Hefur áhyggjur af umferðinni sem ökukennari. Óhjákvæmilegur fylgifiskur stærri verksmiðju sé stærri sé aukin umferð. Meiri umferð um Faxabraut rýri uppbyggingarmöguleika sem séu spennandi. Ef verksmiðjan yrði reist fyrir utan bæinn færu flutningur ekki í gegnum bæinn og umferðaröryggi yrði meira. Einn helsti kostur Akraness sé strandlengjan sem liggja með bænum á 3 hliðar. Sérstaða sem ekki megi tapast. Stefna bæjaryfirvalda hafi verið að hægt sé að ganga strandlengjuna frá Leynislæk að Innsta-Vogsnesi með kennimerkjum sem gaman sé að skoða. Ef byggð verði landfylling upp í Steinsvör tapist hluti sögunnar og gönguleiðin verði ekki jafn skemmtileg og áður. Ekki sé nauðsynlegt að fylla þó verksmiðjan verði reist nægilegt pláss sé fyrir á Breiðinni. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hún hafi setið í bæjarstjórn þegar Laugafiskur kom og greitt atkvæði með honum. Slík mistök geri hún ekki aftur. Lesið ýmsar skýrslur um úrbætur hjá Laugafisk en ekkert hafi breyst. Stærsta fiskþurrkunarverksmiðja á Íslandi muni rýra lífsgæði og ásýnd Neðri Skagans sem sé helsta aðdráttarafli bæjarins. Spyr bæjarfulltrúa hvort ekki væri betra að staðsetja verksmiðjuna utan við bæinn vegna minni umferðar, Steinsvör yrð ósnert og loftgæði betri fyrir alla íbúa bæjarins.

Umsögn:

Í umhverfisskýrslu HB Granda kemur fram að umferðaröryggi muni aukast þar sem hætt verði að keyra hálfunna vöru úr forþurrkun í eftirþurrkun. Ljóst er því að umferð vegna þess mun minnka. Í umhverfisskýrslunni kemur jafnframt fram að stærstur hluti hráefnis fyrir þurrkverksmiðjuna komi frá vinnslu félagsins á Akranesi og bolfiskvinnslunni í Reykjavík. Af því leiðir að ef vinnslan yrði flutt fyrir utan bæinn þyrfti að keyra hráefni frá núverandi fiskvinnslu í bænum í gegnum bæinn. Undirrituðum er ekki kunnugt um að gerð hafi verið sérstök skoðun á þessu en fullyrða má að umferðin af slíkum flutningum myndi að einhverju leyti jafnast út við þá flutninga sem nú eiga sér stað í gegnum bæinn að þurrkuninni. Ljóst má þó vera að verði meiru hráefni keyrt að vinnslunni frá öðrum stöðum mun það kalla á aukna umferð. Aukin vinnsla kallar auk þess alltaf á aukna umferð frá vinnslunni. Í minnisblaði forstjórna HB Granda, sem gerð er grein fyrir í athugasemd nr. 2, er gerð grein fyrir því að ekki sé fyrirhugað að kaupa hráefni frá öðrum í þurrkunina.

Vegna umfjöllunar um gönguleið þá er hvorki gert ráð fyrir því í gildandi deiliskipulagi eða aðalskipulagi að gönguleið liggji um svæði. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta.

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Með vísan til eðli starfseminnar og forsögu málsins eru áhyggjur af lyktarmengun skiljanlegar.

Ljóst er að umfang þeirra mannvirkja sem tillagan gerir ráð fyrir og hæð er verulegt en þó ekki umfram það sem búast má við á athafna- og hafnarsvæðum. Í því sambandi er minnt á að í skipulagstillögunni er tekið fram að vanda skuli til hönnunar bygginga á svæðinu þannig að þær verði bæjarprýði hvort heldur sem er frá sjó eða landi. Hámarks hæð bygginga er heimil 13m. samkvæmt tillögunni. HB Grandi hefur lýst því yfir að húsin verði ekki í þessari hæð en tæknibúnaður og hluta mannvirkjanna geti náð upp í þessa hæð. Skilgreina mætti þetta nánar í skilmálum til samræmis við fyrirætlanir félagsins og til að tryggja að umfang og ásýnd verði ekki stórkallaleg.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemdar 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

Um skilmála vegna hæða og útlits vísast til frekari umfjöllunar undir lið nr. 57 síðar í umsögn þessari.

Skipulagsstofnun hefur bent á að athugasemd um að ekki væri nauðsynlegt að fylla því nægt pláss væri á Breiðinni hafi ekki verið svarað. Fyllingin er gerð til að stækka lóð HB-Granda og nýta núverandi lóð og húsakost sem fyrir er.

7. Lúðvík Gunnarsson, dags. 30. mars 2016.

Mótmælir tillögunni og telur að finna megi henni stað þar sem hún truflar ekki fólk. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemdar 2.

8. Sindri Birgisson, dags. 30. mars 2016.

Mótmælir tillögunni. Vill að fallið verði frá öllum hugmyndum um fyllingar á Breiðarsvæðinu sem hafi óafturkræf áhrif á náttúru, landslag og ásýnd svæðisins. Breytingin hafi neikvæð áhrif á uppbyggingu bæjarins, ímynd og ásýnd. Bæjaryfirvöld eigi að standa við bakið á bæjarbúum

sem hafi ítrekað kvartað yfir lyktarmengun og kröfum þeirra fyrir jöfnum loftgæðum verði sýnd meiri tillitssemi. Breytingin sé ófullnægjandi og ekki í takt við tíðarandann og merki um veika framtíðarsýn í atvinnumálum og mótsögn við gildandi aðalskipulag þar sem fram komi að á Akranesi skuli vera góðar aðstæður fyrir öflugt og fjölbreytt atvinnulíf og fjölskylduvæn búsetuskilyrði í heilnæmu umhverfi, fallegum bæ með traustum samgöngum. Skorar á bæjaryfirvöld að hafna tillögunni.

Umsögn:

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á aðalskipulagi. Í fyrirbyggjandi drögum er enn gert ráð fyrir fyllingum á svæðinu sem m.a. ná yfir Steinsvör.

Ljóst er að umfang þeirra mannvirkja sem tillagan gerir ráð fyrir og hæð er verulegt en þó ekki umfram það sem búast má við á athafna- og hafnarsvæðum. Í því sambandi er minnt á að í skipulagstillögunni er tekið fram að vanda skuli til hönnunar bygginga á svæðinu þannig að þær verði bæjarprýði hvort heldur sem er frá sjó eða landi. Hámarks hæð bygginga er heimil 13m. samkvæmt tillögunni. HB Grandi hefur lýst því yfir að húsin verði ekki í þessari hæð en tæknibúnaður og hluta mannvirkjanna geti náð upp í þessa hæð. Skilgreina mætti þetta nánar í skilmálum til samræmis við fyrirætlanir félagsins og til að tryggja að umfang og ásýnd verði ekki stórkallaleg.

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að þeim yfirlýsingum í aðalskipulagi sem athugasemdaaðili vísar til enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin mun hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

Um skilmála vegna hæða og útlits vísast til frekari umfjöllunar undir lið nr. 57 síðar í umsögn þessari.

9. Ingunn Sveinsdóttir, 30. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun sem hún sem íbúi að Vesturgötu 63 hafi ekki farið varhluta af og orðið fyrir miklum óþægindum. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirvöld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn.

Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin mun hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd 2.

10. Jónas H. Ottósson, 30. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Staða hans sem íbúa að Vesturgötu 63 hafi verið óviðunandi frá upphafi starfsemi Laugafisks. Ítrekað hafi verið lofað úrbótum en aldrei staðið við þær. Hafi valdið honum og fjölskyldu hans verulegum óþægindum og að auki tjóni vegna minni hækkunar á fasteignaverið en þar sem engin lykt er. Mótmælir að HB Granda verði veitt leyfi með áframhaldandi óþægindum t.d. lykt sem sitji í húsi hans í marga daga. Mikil skerðing á lífsgæðum, ekki hægt að opna glugga t.d. á blíðviðrisdögum. Áform um minnkun lyktar séu lítil huggun. Vond lykt sé vond hvort sem hún er dauf eða sterk. Með mikilli stækkun verksmiðju, fjölgun vinnsludaga og aukinni framleiðslu sé verið að fjölga dögum sem lykt leggi frá verksmiðjunni. Fullyrðing að áhrifa gæti ekki nema í 250m fjarlægð sé órökstudd ágiskun.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Með vísan til eðli starfseminnar og forsögu málsins eru áhyggjur af lyktarmengun skiljanlegar.

Fullyrðing um lykt í 250m fjarlægð er ekki ágiskun heldur byggir hún á lyktarskynmati HB Granda við mismunandi veðuraðstæður samkvæmt upplýsingum félagsins og fyrirhuguðum úrbótum. Er sú niðurstaða í samræmi við niðurstöðu skýrslu VSÓ, dags. apríl 2015, um að með þeim aðferðum sem HB Grandi hyggist beita, með þeim viðbótum sem lagðar eru til af hálfu VSÓ, ætti að vera tryggt að lykt valdi ekki óþægindum í næsta umhverfi við verksmiðjuna. Standist þau áform félagsins ekki með þeim búnaði sem félagið gerir ráð fyrir ber félaginu að bæta úr þar til fullnægjandi árangur hefur náðst.

11. Árni Ingólfsson, 30. mars 2016.

Íbúi að Sóleyjargötu 1, skorar á bæjarstjórn að samþykkja tillöguna. Fullviss um að tillagan dragi úr lyktarmengun. Uppbygging HB Granda muni styrkja stoðir fjölbreytts atvinnulífs og mannlífs á Akranesi.

Umsögn:

Athugasemdin virðist byggja á umhverfisskýrslu HB Granda. Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

12. Guðrún Agnes Sveinsdóttir og Ingólfur Árnasons, 30. mars 2016.

Íbúar að Sóleyjargötu 14, skora á bæjarstjórn að samþykkja tillöguna. Fullviss um að tillagan dragi úr lyktarmengun. Búi í næsta nágrenni en lyktarmengun hafi ekki angrað þau. Fagna uppbyggingu HB Granda og treysta forsvarsmönnum félagsins til góðra verka.

Umsögn:

Athugasemdin virðist byggja á umhverfisskýrslu HB Granda. Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

13. Pálína Ásgeirsdóttir og Þorgeir Jósefsson, 30. mars 2016.

Íbúar að Grundartúni 2, skora á bæjarstjórn að samþykkja tillöguna. Fullviss um að tillagan dragi úr lyktarmengun.

Umsögn:

Athugasemdin virðist byggja á umhverfisskýrslu HB Granda. Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

14. Sigurður Már Harðarson, 30. mars 2016.

Telur að um sé að ræða réttlætismál. Vega og meta verði siðferðisleg rök en veigamest sé að ekki sé troðið á rétti hluta íbúa Akraness. Allir sammála um að ekki sé ásættanlegt að allir íbúar Akraness byggju við daufa lyktarmengun frá verksmiðjunni. Telur slíkt ekki geta staðist og bendir á eftirfarandi rök. Hagsmunir íbúa á Neðri-Skaga sem búi við jaðar lyktarmengunar séu ríkari en hagsmunir HB Granda. Sú viðurkenning að alltaf verði einhver lyktarmengun neðst á Neðri-Skaga og óvissan um hve mikil hún verði ætti að duga til að hafna tillögunni. Ekki verið sýnt fram á að önnur staðsetning sé ekki möguleg. HB Grandi axli ekki ábyrgð heldur varpi ábyrgðinni yfir á bæjarfélagið. Hann búi í rétt rúmlega 250m fjarlægð þar sem lyktin á að vera dauf-mjög dauf en í 100m fjarlægð eigi hún að vera greinileg eða sterk. Telur ekki hægt að reikna svona út og vegalengdir of stuttar til að það sé trúverðugt. Áskilur sér rétt til að sækja skaðabætur verði lykt dauf, greinileg eða sterk við hans hús. Verið sé að skerða möguleika á að gera Breiðarsvæðið að útivistarperlu en á svæðinu verði lyktin greinileg eða sterk skv. umhverfisskýrslu. Goðgá sé að fylla upp í sandhluta Steinavarara og með því sé verið að eyðileggja menningar- og náttúruverðmæti.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin mun hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Fullyrðing um lykt í 250m fjarlægð er ekki ágiskun heldur byggir hún á lyktarskynmati HB Granda við mismunandi veðuraðstæður samkvæmt upplýsingum félagsins og fyrirhuguðum

úrþótum. Er sú niðurstaða í samræmi við niðurstöðu skýrslu VSÓ, dags. apríl 2015, um að með þeim aðferðum sem HB Grandi hyggist beita, með þeim viðþótum sem lagðar eru til af hálfu VSÓ, ætti að vera tryggt að lykt valdi ekki óþægindum í næsta umhverfi við verksmiðjuna. Standist þau áform félagsins ekki með þeim búnaði sem félagið gerir ráð fyrir ber félaginu að bæta úr þar til fullnægjandi árangur hefur náðst.

Um þótaskyldu og aðra staðsetningu vísast til umsagna um athugasemdir nr. 1 og 2.

Tillagan gerir ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

15. Arnar Óðinn Arnþórsson, 30. mars 2016.

Mótmælir tillögunni. Engu fyrirtæki hafi tekist að koma í veg fyrir ólykt frá fiskþurrkun. Ekki ástæða til að ætla að HB Grandi takist það nú. Akraneskaupstað og VSÓ hafi ekki tekist að sýna fram á að það sé hægt. Notkun ósons muni að líkindum aukast. Óson sé hættulegt efni skv. heimasíðu Umhverfisstofnunar. Akraneskaupstaður eigi að verja hagsmuni og lífsgæði íbúa og tryggja loftgæði. Evrópudómstóllinn hafi felld dóm þar að lútandi. Akraneskaupstaður eigi að verja náttúru- og söguminjar sínar og hlífa Steinsvör og Skarfavör við fyllingum eins og fram komi í endurskoðun aðalskipulags hjá Skipulags- og umhverfisnefnd. Engin rök hnígi að því að fiskþurrkun sé ekki framkvæmanleg nema í næsta nágrenni við höfn sbr. fiskþurrkun á Laugum í Reykjadal og á Flúðum. Akraneskaupstaður eigi að hafna fyrirliggjandi tillögu og hefja viðræðu við HB Grandi um aðra staðsetningu Fiskþurrkunarverksmiðju á Akranesi.

Umsögn:

Gangi áform HB Grandi eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin mun hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um notkun ósons vísast til umsagnar um athugasemd nr. 5.

Rétt er hjá athugasemdaaðila að starfsemi af þessu tagi þarf ekki nauðsynlega að vera staðsett á hafnarsvæði. Um aðra staðsetningu vísast að öðru leyti til umsagnar um nr. 2.

Tillagan gerir ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

16. Lilja Líndal Aðalsteinsdóttir, 30. mars 2016.

HB Grandi hafi ekki sýnt fram á að koma megi í veg fyrir lyktarmengun þannig að íbúar í nágrenninu verði ekki fyrir óþægindum. Fullyrt sé í umhverfisskýrslu að drjúgur hluti byggðar Neðri-Skaga muni verða áfram fyrir barðinu á lyktarmengun. Í umhverfisskýrslu sé ekki minnst á hvernig takast eigi á við aðra umhverfisþætti eins og aukna hávaðamengun frá blásurum eða vegna mikils magns ósons sem nota eigi við vinnsluna. Skorar á bæjaryfirföld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfsemi hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemi mun hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Fyrirtækinu er sett skilyrði um hávaðamengun í samræmi við reglugerð nr 724/2008 um hávaða. Þar er sagt: „*Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða*“.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða. Mörk fyrir hávaða frá iðnaðarsvæði og athafnasvæði er 70 dB við húsvegg.

Það liggja ekki fyrir upplýsingar um hljóðstig frá blásurum og viftum sem notaðar verða, enda kann það að vera misjafnt eftir framleiðendum. Hins vegar ber starfsleyfishafa að fara eftir viðmiðunarmörkum um hávaða, sem í þessu tilviki er 70 dB við húsvegg. Ef miðað er við að hávaði frá starfsemi sé 70 dB, þ.e. í efstu mörkum, má gera ráð fyrir að hávaði sé kominn undir 45 dB í 500 m og vel undir 40 dB í 1.500 m. Ekki hafa verið gerðar hávaðamælingar frá fiskþurrkun svo vitað sé. Tekið er undir þær ábendingar að umfjöllun um hávaða og viðmið í umhverfisskýrslu hefði getað verið skýrari.

Um notkun ósons vísast til umsagnar um athugasemd nr. 5.

Rétt er hjá athugasemdaaðila að starfsemi af þessu tagi þarf ekki nauðsynlega að vera staðsett á hafnarsvæði. Um aðra staðsetningu vísast að öðru leyti til umsagnar um nr. 2.

Tillagan gerir ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

17. Guðni Hannesson, 30. mars 2016.

Mótmælir tillögunni. Telur að fiskþurrkun eigi ekki að staðsetja nálægt íbúðarbyggð. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðabyggð á Neðri-Skaga. Eins og komi fram í umhverfisskýrslu verði aldrei komist hjá allri mengun. Mengun í 250m fjarlægð eigi þó ekki að vera meira en dauf nema í undantekningartilvikum. Þetta byggji á lyktarskynmati eins

starfsmanna Akraneskaupstaðar og geti því ekki talist vísindaleg rök. Lyktarmengun muni rýra lífsgæði á Akranesi einkum á Neðri-Skaga. Lyktarmengun muni hafa neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni.

Gerir athugasemdir við að ekki sé gerði nægilega grein fyrir frárennsli verksmiðjunnar og spyr hver annist eftirlit með þessum þætti mengunarvarna. Veltir upp hvor þörf sé á landfyllingu. Huga þurfi að hvað verið sé að grafa með þessari fyllingu. Þarna hafi myndast fyrsti vísir að sjávarþorpi á Íslandi. Ekki sé mikið eftir af ósnortinni fjöru á Akranesi. Vísar til þess að fram komi í umhverfisskýrslu að landfyllingar og bygging 13m hárrar byggingar muni hafa óafturkræf áhrif á ásýnd svæðisins. Þetta muni ekki bæta upplifun í Skarfavörinni sem sé mikið heimsótt fjara. Áskilur sér rétt til að höfða mál ef allt fari á versta veg og mengun af völdum verksmiðjunnar komi niður á fasteignaverði. Vísar hann til dóms Hæstaréttar um Melaleiti í Melasveit þar sem Hvalfjarðasveit var látin bera ábyrgð á tjóni sem hlaut af verðlækkun á jörð, einkum vegna lyktarmengunar, vegna byggingar svínabús að Melum.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu. Fullyrðing um lykt í 250m fjarlægð er ekki ágiskun heldur byggir hún á lyktarskynmati HB Granda við mismunandi veðuraðstæður samkvæmt upplýsingum félagsins og fyrirhuguðum úrbótum. Er sú niðurstaða í samræmi við niðurstöðu skýrslu VSÓ, dags. apríl 2015, um að með þeim aðferðum sem HB Grandi hyggist beita, með þeim viðbótum sem lagðar eru til af hálfu VSÓ, ætti að vera tryggt að lykt valdi ekki óþægindum í næsta umhverfi við verksmiðjuna. Standist þau áform félagsins ekki með þeim búnaði sem félagið gerir ráð fyrir ber félaginu að bæta úr þar til fullnægjandi árangur hefur náðst.

Innra eftirlit er á ábyrgð fyrirtækisins en heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með öllum fráveitum. Tekið skal á kröfum til frárennslis í starfsleyfinu og eru þar settar fram í samræmi við fyrirmæli byggingarnefndir og heilbrigðiseftirlits. Unnið er að heildarúttekt á fráveitumálum og er frárennsli frá starfsemi HB Granda hluti af því. Miðað við búnað sem byggir á bestu fánlegri tækni er ekki talið að aukinn framleiðsla skv. deiliskipulagsbreytingu auki á mengun í frárennsli.

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta.

Ljóst er að umfang þeirra mannvirkja sem tillagan gerir ráð fyrir og hæð er verulegt en þó ekki umfram það sem búast má við á athafna- og hafnarsvæðum. Í því sambandi er minnt á að í skipulagstillögunni er tekið fram að vanda skuli til hönnunar bygginga á svæðinu þannig að þær verði bæjarprýði hvort heldur sem er frá sjó eða landi. Hámarks hæð bygginga er heimil 13m. samkvæmt tillögunni. HB Grandi hefur lýst því yfir að húsin verði ekki í þessari hæð en tæknibúnaður og hluta mannvirkjanna geti náð upp í þessa hæð. Skilgreina mætti þetta nánar í skilmálum til samræmis við fyrirætlanir félagsins og til að tryggja að umfang og ásýnd verði ekki stórkallaleg.

Um bótaskyldu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 1.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

Um frárennsli vísast til frekari umfjöllunar undir lið nr. 57 síðar í umsögn þessari.

Um skilmála vegna hæðar og útlits vísast til frekari umfjöllunar undir lið nr. 57 síðar í umsögn þessari.

18. Ingibjörg Ólafsdóttir, 30. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun sem hún, íbúi að Vesturgötu 63, hafi ekki farið varhluta af og orðið fyrir miklum óþægindum. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

19. Rannveig Benediktsdóttir, 29. mars 2016.

Gerir athugasemd við breytt deiliskipulag vegna menningarminja sem fara undir landfyllingu. Bendir á að örnefni séu menningarminjar líkt og fornleifar og Íslendingasögur. Vísi til fortíðar og horfins tíma. Örnefni tengi við söguna og jörðina. Á Neðri-Skaga segi örnefni frá sjósókn, lendingum og gömlum jörðum á Neðri-Skaga, skerjum við siglingaleið, jarðfræði hljóðinu í briminu o.fl. Steinsvör, Sýrupartsklettur og síðasti hlutinn af Gellunni hverfi undir landfyllingu og mögulega fleira.

Skipulags- og umhverfisnefnd hafi bókað, á fundi 19. mars 2013, að skipulagsfulltrúa sé falið að ræða við skipulagshönnuð og skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna um að minnka landfyllingar á hafnarsvæðinu. Steinsvör á sér mikla sögu og var álitin þrautalending Akurnesinga. Þessi staðreynd ætti að fá fólk til að staldra við og hugsa hvort það vilji kveðja Steinsvör fyrir fullt og allt. Vísar til fleiri örnefna og bendir á bls. 163-165 í árbók Akurnesinga og hvetur bæjarfulltrúa til að kynna sér örnefni og sögu þeirra áður en þeir taka óafturkræfa ákvörðun um að fylla þrautalending Akurnesinga af grjóti.

Umsögn:

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan gerir ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á aðalskipulagi. Í fyrirliggjandi drögum er enn gert ráð fyrir fyllingum á svæðinu sem m.a. ná yfir Steinsvör.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

20. Katrín Hauksdóttir, Svana Lára Hauksdóttir, Haukur Jóhann Hauksson og Helga Margrét Hauksdóttir, 30. mars 2016.

Upplýsir að hún sé búsett í Kópavogi en þau systkinin eig lóð á Breiðinni og því hagsmuna að gæta. Mótmælir breytingunni harðlega. HB Grandi komi ekkert til móts við fólkið í bænum.

Umsögn:

Engu breytir þó athugasemdaaðili sé eigandi fasteignar en ekki íbúi. Hann á beinna lögmætra hagsmuna að gæta. Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Með vísan til eðli starfseminnar og forsögu málsins eru áhyggjur af lyktarmengun skiljanlegar.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

21. Kjartan S. Þorsteinsson, 30. mars 2016.

Mótmælir tillögunni. Engu fyrirtæki hafi tekist að koma í veg fyrir ólykt frá fiskþurrkun. Ekki ástæða til að ætla að HB Granda takist það nú. HB Grandi fullyrði að lyktarmengun verði greinileg í 500m fjarlægð í umhverfisskýrslu. Jafnframt sé fullyrt að aldrei verði komist hjá allri lyktarmengun en fullyrt er að lykt sem metin sé með stöðluðu lyktarskynmati í 250m fjarlægð frá þurrkuninni ætti ekki að vera meiri en dauf í undantekningartilvikum og því gæti lítilla áhrifa á íbúðabyggð. Fullyrðingarnar séu ekki studdar vísindalegu mati eða mælingum heldur lyktarskynmati eins starfsmanns frá 24. febrúar til 13. apríl 2015 og á getgátum um áhrif nýs þurrkunarhúss. Þetta sé ekki marktækt og ekki stuðst við reynslu af sambærilegum fiskþurrkunum t.d. í öðrum byggðarlögum s.s. Þorlákshöfn, Garði og víðar.

Í umhverfisskýrslu séu sýnd áhrif fyrir og eftir byggt á framangreindu lyktarskynmati. Fyrir hafi sterk lykt fundist í 400m fjarlægð en eftir verði hún ekki nema í 240m fjarlægð. Þetta sé ekki marktækt. Íbúar í 400m fjarlægð frá núverandi þurrkun hafi oft kvartað yfir lykt og 250m línán sneiði rétt hjá íbúðabyggð. Telur að fjarlægðin sé byggð á óskhyggju. Telur þú hús sem næst standa standi í 180-200m fjarlægð. Meingallað við þessar myndir að ekkert er sagt um við hvað sé miðað s.s. vindáttir, rakastig, vindstyrk. Einsýnt sé að lyktarmengun frá nýrri þurrkun muni valda íbúum á Neðri-Skaga óþægindum og skerða lífsgæði þeirra. Það eigi að nægja til að hafna tillögunni. Bæjaryfirvöld eigi að hafa hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi. Framkvæmdirnar séu óafturkræfar. Ef tilraunir takist ekki til að stemma stigu við lyktarmengun sitji íbúar og fyrirtæki á Neðri-Skaga uppi með skaðann. Bæjaryfirvöld geti ekki krafist lokunar nema með því að skapa sér bótaábyrgð upp á mörg hundruð milljónir.

Hugsanlegt sé að bæjarbúar leiti réttar síns og krefji HB Granda eða bæjaryfirvöld um bætur. Vísar til dóms Hæstaréttar um Melaleiti í Melasveit þar sem Hvalfjarðasveit var látin bera ábyrgð á tjóni sem hlaut af verðlækkun á jörð, einkum vegna lyktarmengunar, vegna byggingar svínabús að Melum, dómur Hæstaréttar frá 26. apríl 2012 í máli 532/2011. Áskilur sér rétt til að sækja bætur skerði framkvæmdir lífsgæði eða verðmæti eigna.

Landfylling fylli upp í hluta Steinavasarar. Vísað til ályktunar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19. ágúst 2013 þar sem skipulagsfulltrúa var falið að ræða við Faxaflóahafnir um minnkun á landfyllingu hafnarsvæðisins og m.a. verði haft að leiðarljósi að fylla ekki upp í Steinsvör og Skarfavör.

Fram komi í á bls. 12 í umhverfisskýrslu að tilkoma landfyllingar og annars áfanga muni hafa óafturkræf áhrif á ásýnd svæðisins. Brynjólfur biskup hafi hafið þar útgerð og þar hafi verið fyrsti vísir að sjávarþorpi á Íslandi. Allt frá þeim degi hafi verið stunduð útgerð frá Akranesi. Um sé að ræða mjög merkar menjar um sögu útgerðar og sjósókn á Íslandi.

Spyr hvort aðalskipulagi hafi verið breytt til að skaða megi Steinsvör og Skarfavör og hvort bæjaryfirvöld telji forsvaranlegt að gera það.

Vísar til þess að hámarkshæð bygginga megi vera 13m en það jafnist á við 4. hæða hús. Á fundi í Tónabergi 14. febrúar hafi verið fullyrt að raunhæð bygginga yrði ekki svo mikil en háfar gætu náð í þá hæð. Bendir á að með því að samþykkja þá hæð sé verið að gefa fordæmi fyrir öðrum byggingum á Breiðinni.

Notkun ósons muni aukast en það sé skaðlegt efni s.s. lesa megi á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Spyr hvort kannað hafi verið hvort aukin notkun ósons geti valdið skaða í nágrenninu? Hvort magn í grennd við núverandi hús hafi verið mælt? Ekkert sé sagt um áhrif ósons í umhverfisskýrslunni.

Hávaðamengun, á bls. 13 í umhverfisskýrslu sé fjallað um gríðarmikið magn útblásturslofts og öflugar víftur. Spyr um hávaðamengun frá slíkum víftum og hvort fyrirtækinu verði sett skilyrðir um hávaðamengun í ákveðinni fjarlægð frá verksmiðjunni.

Frárennsli, á bls. 11 í umhverfisskýrslu. Frárennsli sé svipað og af annarri fiskvinnslu, jafnvel minni. Spyr hvor frárennsli frá stærri verksmiðju sé ekki meira en frá minni og hvort ekki sé aukin hætt á mengun vegna aukin frárennslis. Bendir á svar á bls. 14-16, aukin hætta sé á lykt í kerfinu. Í töflu sé getið aðgerða en spurt er hver hafi eftirlit með þeim? Spyr hvort tekið verði tillit til þess hvort Óson bindist við frárennslisvatn?

Ekkert bendi til þess að hausapurkkun þurfi að vera staðsett við höfn, vísar m.a. til viðtals við forstjóra HB Granda. Hausapurkkun þurfi aðgang að heitu vatni, fólki og flutningum. Hausapurkkannir sé oft valin staður inni í landi með aðgangi að heitu vatni t.d. að Laugum og Flúðum. Hráefnið verði að mestu fengið annar staðar frá og því mun akstur í gegnum bæinn aukast. Akraneskaupstaður eigi nægt land í Flóanum fyrir slíka starfsemi þar sem hún trufla ekki aðra starfsemi eða íbúðabyggð. Spyr hvort þetta hafi verið kannað? Sýnir áhrifasvæðin á mynd. Spyr hvort kannað hafi verið hvort tenging á heitu vatni sé ekki jafn auðveld þar eða auðveldari og eins með hreinsun á frárennslisvatni. Flutningar á hráefni ættu að vera hentugri en leiðin í gegnum bæinn.

Getur ekki séð að ekki sé hægt að finna starfseminni staðsetningu þar sem hún hafi ekki truflandi áhrif. Skorar á bæjaryfirvöld að hafna tillögunni og hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn.

Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að þeim yfirlýsingum í aðalskipulagi sem athugasemdaaðili vísar til enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu. Fullyrðing um lykt í 250m fjarlægð er ekki ágiskun heldur byggir hún á lyktarskynmati HB Granda við mismunandi veðuraðstæður samkvæmt upplýsingum félagsins og fyrirhuguðum úrbótum. Er sú niðurstaða í samræmi við niðurstöðu skýrslu VSÓ, dags. apríl 2015, um að með þeim aðferðum sem HB Grandi hyggist beita, með þeim viðbótum sem lagðar eru til af hálfu VSÓ, ætti að vera tryggt að lykt valdi ekki óþægindum í næsta umhverfi við verksmiðjuna. Standist þau áform félagsins ekki með þeim búnaði sem félagið gerir ráð fyrir ber félaginu að bæta úr þar til fullnægjandi árangur hefur náðst.

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á aðalskipulagi. Í fyrirbyggjandi drögum er enn gert ráð fyrir fyllingum á svæðinu sem m.a. ná yfir Steinsvör.

Ljóst er að umfang þeirra mannvirkja sem tillagan gerir ráð fyrir og hæð er veruleg en þó ekki umfram það sem búast má við á athafna- og hafnarsvæðum. Í því sambandi er minnt á að í skipulagstillögunni er tekið fram að vanda skuli til hönnunar bygginga á svæðinu þannig að þær verði bæjarprýði hvort heldur sem er frá sjó eða landi. Hámarks hæð bygginga er heimil 13m. samkvæmt tillögunni. HB Grandi hefur lýst því yfir að húsin verði ekki í þessari hæð en tæknibúnaður og hluta mannvirkjanna geti náð upp í þessa hæð. Skilgreina mætti þetta nánar í skilmálum til samræmis við fyrirætlanir félagsins og til að tryggja að umfang og ásýnd verði ekki stórkallaleg.

Eins og kemur fram í umhverfisskýrslu er óson besta þekkta leiðin sem til er í dag við lyktareyðingu í fiskþurrkunum. Þessi aðferð er notuð víða og ekki hafa komið upp, svo vitað sé til, tilvik þar sem notkun efnisins í þessum tilgangi hafi ógnað heilsu manna eða dýra. Óson (O₃) er mjög óstöðugt og brotnar hratt niður í hreint súrefni (O₂). Óson sem notað er við fiskþurrkun og aðra vinnslu er búið til sérstaklega með þar til gerðum búnaði undir mjög stýrðum aðstæðum. Öll ósontæki eru með skynjurum sem tryggja réttan ósonstyrk svo mönnum stafi ekki hætta af ósoninu. Hægt er að mæla styrk ósons í aflofti. En þær niðurstöður myndu samt aðallega segja til um hvort það væri örugglega ekki verið að nota nógan styrk til meðhöndlunar á lofti frekar en að styrkur væri svo hár að hann færi að hafa heilsuspillandi áhrif. Óson hefur þann kost að skilja aðeins eftir sig súrefni en ekki nein hættuleg aukefni hvort sem er í vatni, fráveituvatni eða lofti og veldur því ekki mengun heldur þvert á móti dregur úr mengun og er það mjög mikilvægur eiginleiki.

Notkun ósons við hreinsun og sótthreinsun er því ekki talin hafa áhrif á hækkandi ósonstyrk í andrúmslofti og því ekki talin ástæða til sérstakra vöktunar eða mótvægisáðgerða annarra en þeirra sem koma fram í reglugerð um styrk ósons nr. 745/2003. Í reglugerðinni segir að „í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum ósons skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun af völdum ósons og beita skal til þess bestu fánlegu tækni“. Umfjöllun um sértækar áðgerðir tilheyrar starfsleyfisumsókn og því ekki getið sérstaklega í umhverfisskýrslu deiliskipulags.

Umhverfisstofnun hefur fylgst með bakgrunnsstyrk ósons og hingað til hefur ósonmengun ekki valdið heilsupillandi áhrifum á Íslandi.

Fyrirtækinu er sett skilyrði um hávaðamengun í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Þar er sagt: „*Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða*“.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða. Mörk fyrir hávaða frá iðnaðarsvæði og athafnasvæði er 70 dB við húsvegg.

Það liggja ekki fyrir upplýsingar um hljóðstig frá blásurum og viftum sem notaðar verða, enda kann það að vera misjafnt eftir framleiðendum. Hins vegar ber starfsleyfishafa að fara eftir viðmiðunarmörkum um hávaða, sem í þessu tilviki er 70 dB við húsvegg. Ef miðað er við að hávaði frá starfsemi sé 70 dB, þ.e. í efstu mörkum, má gera ráð fyrir að hávaði sé kominn undir 45 dB í 500 m og vel undir 40 dB í 1.500 m. Ekki hafa verið gerðar hávaðamælingar frá fiskþurrkun svo vitað sé. Tekið er undir þær ábendingar að umfjöllun um hávaða og viðmið í umhverfisskýrslu hefðu getað verið skýrari.

Innra eftirlit er á ábyrgð fyrirtækisins en síðan hefur Heilbrigðisnefnd eftirlit með öllum fráveitum. Tekið skal á kröfum til frárennslis í starfsleyfinu og eru þar settar fram í samræmi við fyrirmæli byggingarnefndir og heilbrigðiseftirlits, Unnið er að heildarúttekt á fráveitumálum og er frárennsli frá starfsemi HB Granda hluti af því. Miðað við búnað sem byggir á bestu fánlegri tækni er ekki talið að aukinn framleiðsla skv. deiliskipulagsbreytingu auki á mengun í frárennsli.

Í umhverfisskýrslu HB Granda kemur fram að umferðaröryggi muni aukast þar sem hætt verði að keyra hálfunna vöru úr forþurrkun í eftirþurrkun. Ljóst er því að umferð vegna þess mun minnka. Í umhverfisskýrslunni kemur jafnframt fram að stærstur hluti hráefnis fyrir þurrkverksmiðjuna komi frá vinnslu félagsins á Akranesi og bolfiskvinnslunni í Reykjavík. Af því leiðir að ef vinnslan yrði flutt fyrir utan bæinn þyrfti að keyra hráefni frá núverandi fiskvinnslu í bænum í gegnum bæinn. Undirrituðum er ekki kunnugt um að gerð hafi verið sérstök skoðun á þessu en fullyrða má að umferðin af slíkum flutningum myndi að einhverju leyti jafnast út við þá flutninga sem nú eiga sér stað í gegnum bæinn að þurrkuninni. Ljóst má þó vera að verði meiru hráefni keyrt að vinnslunni frá öðrum stöðum mun það kalla á aukna umferð. Aukin vinnsla kallar auk þess alltaf á aukna umferð frá vinnslunni.

Um aðra staðsetningu vísast að öðru leyti til svars við athugasemd nr. 2. Samkvæmt upplýsingum undirritaðs hefur ekki verið skoðað með tengingu heits vatns á önnur svæði sbr. umfjöllun um athugasemd nr. 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

Um frárennsli vísast til frekari umfjöllunar undir lið nr. 57 síðar í umsögn þessari.

22. Guðmundur Sigurbjörnsson, 30. mars 2016.

Íbúi að Bakkatúni 4, mótmælir tillögunni. Telur stækkun ekki til hagsbóta fyrir íbúa í nágrenni við starfsemina. Enginn geti sagt með haldbærum rökum að íbúar í nágrenninu verði ekki fyrir

óþægindum. Með ólíkindum sé að til skoðunar sé að leyfa stækkun eftir 15 ára óánægju íbúa. Engar nýjar tæknilausnir geti útilokað fýlu frá vinnslunni þó ný orð hafi verið fundin upp um lyktina. Rannsaka þurfi ósonnotkun þannig að tryggt sé að íbúar í nágrenninu hljóti ekki skaða af ósoni. Umhverfisstofnun annist slíka rannsókn. Engin þörf sé á uppfyllingu, nóg af auðum lóðum séu á Breiðinni. Ekkert mat hafi verið gert á umhverfisáhrifum fyllingar. Um sé að ræða óafturkræfa framkvæmd sem skaði ásýnd og útivistargildi svæðisins. Stækkun fiskþurrkunar úr 170 tonnum í 300 tonn sé galin hugmynd miðað við fyrri reynslu auk þess sem slík stækkun mun auka þungaflutninga. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um áhrif ósons vísast til svars við athugasemd nr. 5 að framan.

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á aðalskipulagi. Í fyrirbyggjandi drögum er enn gert ráð fyrir fyllingum á svæðinu sem m.a. ná yfir Steinsvör.

Með vísan til eðli starfseminnar og forsögu málsins eru áhyggjur af lyktarmengun skiljanlegar. Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

23. Guðrún Bragadóttir, 30. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Akranesi sérstaklega á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin mun hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

24. Sigbór Hreggviðsson, 30. mars 2016.

Telur sorglegt að fylla síðustu mögulegu útivistarsvæðin í byggð ásamt því að þurrka út part af sögu bæjarins og eyðileggja aðdráttarafl vitanna fyrir ferðamenn. Nútíminn krefjist þess að

iðnaður og íbúabyggð sé aðskilin. Setjast þurfi niður og finna aðra lausn sem íbúar og forsvarsmenn fyrirtækisins séu sáttir við. Ekki megi glepjast af peningum, hlutafélagið geti horfið á braut einn dag. Sorglegt verði þá að vita af Skarfa- og Steinsvörum undir tómmum steinkumböldum.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á aðalskipulagi. Í fyrirliggjandi drögum er enn gert ráð fyrir fyllingum á svæðinu sem m.a. ná yfir Steinsvör.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

25. Grétar Mar Óðinsson, 30. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Muni hafa neikvæð áhrif á samfélagið til áratuga. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Sé í ósamræmi við metnað sem lagður hafi verið í uppbyggingu Sementsreitsins og þau lífsgæði sem bæjarbúar geri til lífsgæða 2016. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

26. Hjalti Skaale Glúmsson og Erla Skagfjörð, 29. mars 2016.

Hvetja bæjaryfirvöl til að hafna tillögunni vegna óvissu um lyktarmengun og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu fjarri íbúðabyggð.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik

þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

27. Bryndís Böðvarsdóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vel sé hægt að finna aðra staðsetningu þar sem hún trufla ekki fólk. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

28. Jón Árni Friðjónsson og Halla Ingibjörg Guðjónsdóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni, telja hana fela í sér hættu á alvarlegum mistökum í skipulagsmálum bæjarins. Ekki séð sannfærandi rök fyrir að hægt verði að koma í veg fyrir loftmengun á Neðri-Skaga. Miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi fyrir eigendur á svæðinu. Geti ekki verið vilji bæjaryfirvalda að breyta hverfinu í fátækrahverfi. Til lítils sé að fegra gamla miðbæinn ef þar verður ólíft á góðviðrisdögum. Leiði til ónauðsynlegra skemmda á merkilegum hluta strandlengjunnar, Steinsvör. Það verði ekki þakkað af komandi kynslóðum. Ekki hafi gengið vel að laða ferðamenn til bæjarins en það sé einna helst Breiðin og strandlengjan sem hafi aðdráttarafl. Fremur ætti að vinna að fegrun þessara svæða og bæta aðgengi en eyðileggja þau.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

29. Stefán Jónsson, 30. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og

Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

30. Brynhildur Björnsdóttir, 30. mars 2016.

Íbúi að Bakkatúni 4. Mótmælir breytingunni. Telur rökin ekki skýr og að sá útbúnaður sem HB Grandi ætli að nota ráði ekki við lyktarmengun. Rétt að nýju húsi verði fundinn nýr staður. Ekki hafi farið fram nein rannsókn á ósoni og áhrifum þess í miklu magni. Nauðsynlegt sé að slík rannsókn fari fram og Umhverfisstofnun annist hana.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

Um notkun ósons vísast m.a. til umsagnar um athugasemd nr. 5.

31. Hallveig Skúladóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

32. Hjálmur Dór Hjálmsson, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Margir hafi örugglega bent á rannsóknir sem sýni að slík starfsemi eigi ekki heima í íbúðarbyggð. Bendir á tvær rannsóknir sem sýni að á 50 árum hafi störfum í verksmiðjum fækkað úr 36% og 8%. Seinni rannsóknin sýni að störfum í fiskvinnslu og á sjó

muni fækka um 87% á næstu 20 árum. Burt séð frá lykt, sem sé ekki ásættanleg, og staðsetningu sem sé galin og fórna náttúruperlum sé glapræði að byggja upp verksmiðju í og telja sér trú um að það tryggi atvinnuöryggi íbúa. Störfum í verksmiðjum HB Granda mun fækka umtalsvert. Hvetur bæjaryfiröld til að horfa til framtíðar.

Umsögn:

Í umhverfisskýrslu tillögunnar kemur fram að óvíst sé að hún leiði til fjölgunar starfa til framtíðar. Jafnframt er þó tekið fram að framkvæmdirnar muni skila tryggara atvinnuumhverfi starfsmanna til framtíðar. Tillagan sem slík byggir því ekki á að framkvæmdin muni leiða til varanlegrar fjölgunar starfa á svæðinu.

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi og ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

33. Gísli Baldur Mörköre, 29. mars 2016.

Vísar til áhrifa Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið. Markaðir og atvinnulíf þurfi að aðlaga sig að breyttum tíma. Vistvæn starfsemi muni skilja að þá sem halda muni velli til framtíðar. Ósamræmi við það að leyfa mengandi iðnað í nálægð við íbúðabyggð. Skorar á bæjaryfiröld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Vísað er til umsagnar um athugasemd nr. 2.

34. Rut Jörgensdóttir Rauterberg, 29. mars 2016.

Fjölskyldan eigi hús á Neðri-Skaga Skólabrautinni. Fluttu þangað 2005 líður mjög vel og þjónusta Akranesbæjar góð við fjölskyldufólk o.fl. Fyrstu árin hafi sementsryk lagt yfir með reglulegu millibili. Það sé nú breytt. Umhverfismengandi starfsemi eigi ekki heima í íbúðarbyggð. Líst vel á hugmyndir um Sementsreit en er hissa að um leið og reynt sé að gera bæinn fjölskylduvænni og fallegri og áhugaverðan fyrir ferðamenn sé unnið að því að setja umhverfismengandi starfsemi í næsta nágrenni við eitt fallegasta útivistarsvæði bæjarins. Unnið hafi verið að því að gera það aðlaðandi. Um sé að ræða mótsögn.

Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Vísar til áhrifa Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið. Markaðir og atvinnulíf þurfi að aðlaga sig að breyttum tíma. Vistvæn starfsemi muni skilja að þá sem halda muni velli til framtíðar. Ósamræmi við það að leyfa mengandi iðnað í nálægð við íbúðabyggð. Skorar á bæjaryfiröld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

HB Grandi hafi ekki sýnt fram á að koma megi í veg fyrir lyktarmengun þannig að íbúar í nágrenninu verði ekki fyrir óþægindum. Fullyrt sé í umhverfisskýrslu að drjúgur hluti byggðar Neðri-Skaga muni verða áfram fyrir barðinu á lyktarmengun.

Í umhverfisskýrslu sé ekki minnst á hvernig takast eigi á við aðra umhverfisþætti eins og aukna hávaðamengun frá blásurum eða vegna mikils magns ósons sem nota eigi við vinnsluna. Skorar á bæjaryfirföld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Um áhrif Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið og aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfsemi hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi og ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Fyrirtækinu er sett skilyrði um hávaðamengun í samræmi við reglugerð nr 724/2008 um hávaða. Þar er sagt: „*Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða*“.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða. Mörk fyrir hávaða frá iðnaðarsvæði og athafnasvæði er 70 dB við húsvegg.

Það liggja ekki fyrir upplýsingar um hljóðstig frá blásurum og víftum sem notaðar verða, enda kann það að vera misjafnt eftir framleiðendum. Hins vegar ber starfsleyfishafa að fara eftir viðmiðunarmörkum um hávaða, sem í þessu tilviki er 70 dB við húsvegg. Ef miðað er við að hávaði frá starfsemi sé 70 dB, þ.e. í efstu mörkum, má gera ráð fyrir að hávaði sé kominn undir 45 dB í 500 m og vel undir 40 dB í 1.500 m. Ekki hafa verið gerðar hávaðamælingar frá fiskþurrkun svo vitað sé. Tekið er undir þær ábendingar að umfjöllun um hávaða og viðmið í umhverfisskýrslu hefði getað verið skýrari.

Um óson vísast til athugasemdar nr. 5.

35. Ívar Orri Kristjánsson, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Telur vel hægt að finna aðra staðsetningu. Skorar á bæjaryfirföld að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

36. Svandís Vilmundardóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga.

Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness. Breiðin sé útivistarsvæði Skagamanna og eitt af fallegustu útivistarsvæðum landsins. Þar sé mikil saga og menningarminjar. Megi ekki fórna svæðinu undir landfyllingu fyrir illa lyktandi starfsemi og ætti ekki að gerast árið 2016. Spyr hvaða áhrif landfylling hafi á Skarfavörina og Langasand? Vísar til réttar komandi kynslóða til að njóta svæðisins sem útivistarsvæðis.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annari starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á aðalskipulagi. Í fyrirliggjandi drögum er enn gert ráð fyrir fyllingum á svæðinu sem m.a. ná yfir Steinsvör. Tillagan gerir ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta. Telja verður ólíklegt að tillagan hafi áhrif á Langasand en fyllingin er stutt frá Skarfavör og ljóst að hún hefur áhrif á ásýnd hennar.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

37. Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Telur vel hægt að finna aðra staðsetningu. Skorar á bæjaryfirföld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

38. Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Telur nokkur atriði í tillögunni ekki samræmast nútíma lifnaðarháttum og lífskjörum s.s. mannréttindi um heilbrigt umhverfi og andrúmsloft. Lífskjörum hennar og barna hennar sé ógnað í umhverfi með mengun af óþekktri stærð. Sem íbúi og eigandi fasteigna á Neðri-Skaga telji hún hagsmunum sínum illa varið nái skipulagið fram að ganga. Viðhald á húsi muni ekki skila sér í hærra fasteignaverði. Telur sig nauðbeygða til að selja heimili sitt. Mun ekki taka sénsinn á að mengunin hafi ekki áhrif á börnin hennar. Telur að á Skipaskaga eigi að sjást í náttúrulega strandlengju. Lyktarmengun hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæðið á Breiðinni, uppbyggingu gamla miðbæjarins og Sementsreitsins, ímynd og ásýnd bæjarins. Vísar til áhrifa Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið. Markaðir og atvinnulíf þurfi að aðlaga sig að breyttum tíma. Vistvæn starfsemi muni skilja að þá sem halda muni velli til framtíðar. Ósamræmi við það að leyfa mengandi iðnað í nálægð við íbúðabyggð. Skorar á bæjaryfirföld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á aðalskipulagi. Í fyrirliggjandi drögum er enn gert ráð fyrir fyllingum á svæðinu sem m.a. ná yfir Steinsvör.

Um áhrif Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið og aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

39. Arnar Sigurgeirsson, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Telur vel hægt að finna aðra staðsetningu. Skorar á bæjaryfirföld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

40. Hildur Jónsdóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

41. Erna B. Guðlaugsdóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og

Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

42. Anna Guðrún Ahlbrecht, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Starfsemin eigi ekki heima við íbúðarbyggð. Vinir sem búi í næsta nágrenni eigi ekki kost á sömu loftgæðum og þeir sem búa fjær. Á vini sem flutt hafa á Neðri-Skaga og burt aftur vegna lyktar. Sjálf hafi hún hugsað þetta en hætt við vegna lyktar. Telja meggi upp mörg dæmi um slæmt sambylí hausþurrkunar og byggðar. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Telur ólíklegt að fjársterkir aðilar setji pening í uppbyggingu á Sementsreit ef ekki er hægt að treysta á góð loftgæði. Skagamenn þurfi að ákveða í hvaða átt bærinn á að þróast. Framsækin nútíma fyrirtæki starfi ekki í návist við hausþurrkun. Treystir ekki að til sé tækni til að útiloka lyktina og af hverju hafi það þá ekki verið gert? Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

43. Þóra Þórðardóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Telur mikilvægt að ekki sér gefið leyfi til að fara í fjárfrekar framkvæmdir sem síðar verði erfitt að snúa frá. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik

þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

44. Harpa Jónsdóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að starfsemin valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

45. Heiðrún Janusardóttir, 29. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Vísar til áhrifa Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið. Markaðir og atvinnulíf þurfi að aðlaga sig að breyttum tíma. Vistvæn starfsemi muni skilja að þá sem halda muni velli til framtíðar. Ósamræmi að leyfa mengandi iðnað í nálægð við íbúðabyggð.

HB Grandi hafi ekki sýnt fram á að koma megi í veg fyrir lyktarmengun þannig að íbúar í nágrenninu verði ekki fyrir óþægindum. Fullyrt sé í umhverfisskýrslu að drjúgur hluti byggðar Neðri-Skaga muni verða áfram fyrir barðinu á lyktarmengun. Í umhverfisskýrslu sé ekki minnst á hvernig takast eigi á við aðra umhverfisþætti eins og aukna hávaðamengun frá blásurum eða vegna mikils magns ósons sem nota eigi við vinnsluna. Skorar á bæjaryfirföld að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi og ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um áhrif Parísarsamþykktarinnar á atvinnulífið og aðra staðsetningu vísast til umsagnar nr. 2.

Fyrirtækinu eru sett skilyrði um hávaðamengun í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Þar er sagt: „*Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða*“.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða. Mörk fyrir hávaða frá iðnaðarsvæði og athafnasvæði er 70 dB við húsvegg.

Það liggja ekki fyrir upplýsingar um hljóðstig frá blásurum og víftum sem notaðar verða, enda kann það að vera misjafnt eftir framleiðendum. Hins vegar ber starfsleyfishafa að fara eftir viðmiðunarmörkum um hávaða, sem í þessu tilviki er 70 dB við húsvegg. Ef miðað er við að hávaði frá starfsemi sé 70 dB, þ.e. í efstu mörkum, má gera ráð fyrir að hávaði sé kominn undir 45 dB í 500 m og vel undir 40 dB í 1.500 m. Ekki hafa verið gerðar hávaðamælingar frá fiskþurrkun svo vitað sé. Tekið er undir þær ábendingar að umfjöllun um hávaða og viðmið í umhverfisskýrslu hefðu getað verið skýrari.

Um óson vísast til umsagnar um athugasemd nr. 5.

46. Valey Benediktsdóttir og Stephen John Watt, 31. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Hafi búið á mengunarsvæði Laugafisks í 10 ár og það hafi skert lífsgæði þeirra. Ítrekaðar kvartanir til heilbrigðiseftirlits hafi engu skilað. Í umhverfisskýrslu kom fram á bls. 3 að aldrei verði komist hjá allri lykt. Fullyrt er að lykt sem metin sé með stöðluðu lyktarskynmati í 250m fjarlægð frá þurrkuninni ætti ekki að vera meiri en dauf í undantekningartilvikum og því gæti lítilla áhrifa á íbúðabyggð. Fullyrðingarnar séu ekki studdar vísindalegu mati eða mælingum heldur lyktarskynmati eins starfsmanns frá 24. febrúar til 13. apríl 2015 og á getgátum um áhrif nýs þurrkunarhúss.

Íbúar í nágrenni Laugafisks hafi ekki verið spurðir. Á bls. 3 í umhverfisskýrslu sé mynd sem sýni áhrifasvæði. Fyrir hafi sterk lykt fundist í 400m fjarlægð en eftir verði hún ekki nema í 240m fjarlægð. Þetta sé ekki marktækt. Þau á Laugabraut 16 séu í 840m fjarlægð en þar sé oft sterk ólykt. Engar rannsóknir liggi að baki þessum fullyrðingum. Fyrst ekki sé að marka áhrifasvæðið í dag viti enginn hvernig það verður við nýja framkvæmt. Óvissa um stærð mengunarsvæðið eigi að vera nægilegt tilefni til að hafna tillögunni.

Eðlilegt væri að spyrja íbúa í nágrenninu um grenndaráhrif 1. áfanga en í stað þess sé fenginn óháður lyktarskynmatshópur. Kvartanir íbúa hafi engu skilað hingað til. Bæjaryfirvöld séu ekki tilbúin til að setja upp rafrænt kvörtunarform á vefinn eins og önnur bæjarfélög, spyr hvað hvað valdi? Stækkun sé óafturkræf. Bæjaryfirvöld muni aldrei láta loka þurrkuninni nema með því að skapa skaðabótaábyrgð upp á nokkur hundruð milljónir. Hávaðamengun, á bls. 13 í umhverfisskýrslu sé fjallað um gríðarmikið magn útblásturslofts og öflugar víftur. Spyrja um hávaðamengun frá slíkum víftum og hvort fyrirtækinu verði sett skilyrði um hávaðamengun í ákveðinni fjarlægð frá verksmiðjunni.

Notkun ósons muni aukast en það sé skaðlegt efni s.s. lesa megi á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Spyrja hvort kannað hafi verið hvort aukin notkun ósons geti valdið skaða í nágrenninu? Ekkert sé sagt um áhrif ósons í umhverfisskýrslunni.

Staðreynd að fasteignaverð lægra á mengunarsvæðinu. Hafi lagt metnað í að halda eigninni við en muni ekki njóta þess í herra fasteignaverði. Samkvæmt ráðleggingum lögfræðings verði þau

að taka fram að húsið sé á mengunarsvæði. Lögfræðingur hafi bent þeim á dóm Hæstaréttar um Melaleiti í Melasveit þar sem Hvalfjarðasveit var látin bera ábyrgð á tjóni sem hlaut af verðlækkun á jörð, einkum vegna lyktarmengunar, vegna byggingar svínabús að Melum, dómur Hæstaréttar frá 26. apríl 2012 í máli 532/2011. Áskilja sér rétt til að sækja bætur.

Uppbygging Sementsreits sé í hættu. Spyrja hverjir vilja fjárfesta í slíku við stærstu fiskþurrkun á landinu. Bæjaryfirvöld verði að upplýsa fjárfesta um þetta. Vilja ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Stærri fiskþurrkun verðfelli ímynd bæjarins, rýri verðmæti eigna valdi óþægindum, ógni mannlífi, þróun byggðar og atvinnuuppbyggingu á Neðri-Skaga. Byggðaðróun þurfi að tryggja lífsgrundvöll og gæði til framtíðar og megi ekki valda skaða á ímynd bæjarins. Skylda sveitarstjórnarmanna sé að taka tillit til heilbrigðis og vellíðunar mannsins. Skorar á bæjaryfirföld að að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu. Fullyrðing um lykt í 250m fjarlægð er ekki ágiskun heldur byggir hún á lyktarskynmati HB Granda við mismunandi veðuraðstæður samkvæmt upplýsingum félagsins og fyrirhuguðum úrbótum. Er sú niðurstaða í samræmi við niðurstöðu skýrslu VSÓ, dags. apríl 2015, um að með þeim aðferðum sem HB Grandi hyggist beita, með þeim viðbótum sem lagðar eru til af hálfu VSÓ, ætti að vera tryggt að lykt valdi ekki óþægindum í næsta umhverfi við verksmiðjuna. Standist þau áform félagsins ekki með þeim búnaði sem félagið gerir ráð fyrir ber félaginu að bæta úr þar til fullnægjandi árangur hefur náðst.

Vegna athugasemdar um að íbúar séu ekki spurðir heldur fenginn óháður lyktarskynmatshópur er hugsanlega mögulegt við nánari útfærslu á lyktarskynmatshóp og mælingum á mengun/lykt innibyggingu samráð við íbúa á svæðinu. Undirritaður telur eðlilegt að skoða tillögu athugasemdaaðila um að setja rafrænt kvörtunarform á heimasíðu sveitarfélagsins. Takist HB Granda ekki að koma böndum á lyktarmengunina má reikna með að tregðu muni gæta til að flytja starfsemina vegna þeirra fjármuna sem lagðir hafa verið í starfsemina á þessum stað. Í minnisblaði frá forstjóra HB Granda segir um þetta:

„Að lokum má geta þess að það stendur ekki til að reka fiskþurrkun á Akranesi hvað sem tautar og raular. Þ.e.a.s. HB Grandi mun ekki standa í þeim rekstri ef að markmið um lámörkun óþæginda vegna lyktar nást ekki. Það er erfitt að segja til um hvenær fullreynt er en ég mynda halda að ef ekki sæist til sólar hvað það varðar til að mynda tveim árum eftir að ný viðbygging verður tekin í notkun gæti það talist fullreynt.“

Eins og kemur fram í umhverfisskýrslu er óson besta þekkta leiðin sem til er í dag við lyktareyðingu í fiskþurrkunum. Þessi aðferð er notuð víða og ekki hafa komið upp, svo vitað sé til, tilvik þar sem notkun efnisins í þessum tilgangi hafi ógnað heilsu manna eða dýra. Óson (O₃) er mjög óstöðugt og brotnar hratt niður í hreint súrefni (O₂). Óson sem notað er við fiskþurrkun og aðra vinnslu er búið til sérstaklega með þar til gerðum búnaði undir mjög

stýrðum aðstæðum. Öll ósontæki eru með skynjum sem tryggja réttan ósonstyrk svo mönnum stafi ekki hætta af ósoninu. Hægt er að mæla styrk ósons í aflofti. En þær niðurstöður myndu samt aðallega segja til um hvort það væri örugglega ekki verið að nota nógan styrk til meðhöndlunar á lofti frekar en að styrkur væri svo hár að hann færi að hafa heilsuspillandi áhrif. Óson hefur þann kost að skilja aðeins eftir sig súrefni en ekki nein hættuleg aukefni hvort sem er í vatni, fráveituvatni eða lofti og veldur því ekki mengun heldur þvert á móti dregur úr mengun og er það mjög mikilvægur eiginleiki.

Notkun ósons við hreinsun og sótthreinsun er því ekki talin hafa áhrif á hækkandi ósonstyrk í andrúmslofti og því ekki talin ástæða til sérstakra vöktunar eða mótvægisáðgerða annarra en þeirra sem koma fram í reglugerð um styrk ósons nr. 745/2003. Í reglugerðinni segir að „í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum ósons skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun af völdum ósons og beita skal til þess bestu fánlegu tækni“. Umfjöllun um sértækar áðgerðir tilheyrar starfsleyfisumsókn og því ekki getið sérstaklega í umhverfisskýrslu deiliskipulags. Umhverfisstofnun hefur fylgst með bakgrunnsstyrk ósons og hingað til hefur ósonmengun ekki valdið heilsupillandi áhrifum á Íslandi.

Fyrirtækinu er sett skilyrði um hávaðamengun í samræmi við reglugerð nr 724/2008 um hávaða. Þar er sagt: „*Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða*“. Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða. Mörk fyrir hávaða frá iðnaðarsvæði og athafnasvæði er 70 dB við húsvegg.

Það liggja ekki fyrir upplýsingar um hljóðstig frá blásurum og víftum sem notaðar verða, enda kann það að vera misjafnt eftir framleiðendum. Hins vegar ber starfsleyfishafa að fara eftir viðmiðunarmörkum um hávaða, sem í þessu tilviki er 70 dB við húsvegg. Ef miðað er við að hávaði frá starfsemi sé 70 dB, þ.e. í efstu mörkum, má gera ráð fyrir að hávaði sé kominn undir 45 dB í 500 m og vel undir 40 dB í 1.500 m. Ekki hafa verið gerðar hávaðamælingar frá fiskþurrkun svo vitað sé. Tekið er undir þær ábendingar að umfjöllun um hávaða og viðmið í umhverfisskýrslu hefði getað verið skýrari.

Um bótaábyrgð og mögulegan byggingu á öðrum stað vísast til umsagna um athugasemdir nr. 1 og 2.

47. Óskar Arnórsson og Rannveig Þórisdóttir, 29. mars 2016.

Eigendur og íbúar að Vesturgötu 17. Mótmæla breytingunni. Telja að í ljósi sögunnar og nábyllis við starfsemina að ekki eigi að staðsetja slíka starfsemi nálægt íbúðarbyggð vegna lyktarmengunar og annarrar mengunar sem stafi frá henni og hafi áhrif á líf skjör og verðmæti eigna. Verði tillögunni hafnað sé ekki verið að hrekja fyrirtækið úr bænum heldur hafna uppbyggingu lítills hluta starfseminnar á þessum stað. Í umhverfisskýrslu komi fram að lyktarmengun nái ekki lengra en 500m radíus. Byggi á lyktarskynmati eftir að verksmiðjan hafi verið reist. Byggja eigi verksmiðju fyrir hundruðir milljóna og athuga svo hvort þetta gengur. Fram komi að í 2% tilvika sé lyktin miðlungsþægileg eða óþægileg, það gera 175 tímar á ári Bæjaryfirvöld eigi að hafa hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi. Um sé að ræða óafturkræfa áðgerð og ólíklegt að starfsemi verði hætt nema með því að skapa Akraneskaupstað bótaskyldu upp á nokkur hundruð milljónir. Mengandi starfsemi eins og fiskþurrkun eigi ekki að staðsetja við

Íbúðabyggð, íbúarnir eigi að njóta vafans. Skora á bæjaryfirföld að hafna tillögnum og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Takist HB Granda ekki að koma böndum á lyktarmengunina kann að gæta tregðu við að flytja starfsemina vegna þeirra fjármuna sem lagðir hafa verið í hana á þessum stað. Forstjóri HB Granda hefur hins vegar lýst því yfir opinberlega að félagið muni ekki standa í stríði við íbúa takist félaginu ekki að ná markmiðum sínum varðandi lyktarmengun. Í minnisblaði frá forstjóra HB Granda segir um þetta:

„Að lokum má geta þess að það stendur ekki til að reka fiskþurrkun á Akranesi hvað sem tautar og raular. Þ.e.a.s. HB Grandi mun ekki standa í þeim rekstri ef að markmið um lámörkun óþæginda vegna lyktar nást ekki. Það er erfitt að segja til um hvenær fullreynt er en ég mynda halda að ef ekki sæist til sólar hvað það varðar til að mynda tveim árum eftir að ný viðbygging verður tekin í notkun gæti það talist fullreynt.“

Uppfylli félagið ekki þau skilyrði sem því verða sett í starfsleyfi og leiði það til lokunar starfseminnar mun það ekki leiða til bótaskyldu af hálfu Akraneskaupstaðar.

Um mögulega byggingu á öðrum stað vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

48. Matthea Kristín Sturlaugsdóttir og Benedikt Björn Jónmundsson, 29. mars 2016.

Mótmæla breytingunni. Eru íbúar að Bakkatúni 10. Mistök hafi verið að leyfa starfsemi Laugafisks á Akranesi eftir að henni var lokað með lögregluaðgerð í Njarðvík vegna lyktarmengunar. Íbúum sagt að notuð yrði ný tækni með ósoni sem eyða átti allri lykt. Annað hafi komið á daginn. Menn hafi gefist upp á kvörtunum. Nú standi til að þrefalda afköstin. Vísa til upplýsinga um óson á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Hafa ekki trú á að ástandið muni batna við þreföldun á afköstum og tilraunir með biofíltæknir geri ástandið illt verra. Loftmagn aukist úr 700.000 rúmmetrum á viku í 4.000.000 rúmmetra. Samkvæmt fundargerð HEV frá 7. mars 2016 hafi starfsleyfi Laugafisks verið framlengt til 1. maí 2017 með þeim skilyrðum að flutningi á hráefni og unnum vörum verði hagað þannig að lykt verði sem minnst og húsnæði starfseminnar lokað eins og kostur sé. Ekki sé hægt að hafa húsin alltaf lokað. Alveg sama hversu fullkominn búnaður verður notaður, versta lyktin sé á nóttunni og um helgar. Telja að tilhögun um óháðan lyktarskynmatshóp sem HB Grandi skipi í og skoði í 2 klst. í viku skrípaleik og dónaskap við íbúa á Neðri-Skaga.

Benda til samanburðar á afgreiðslu bæjarstjórnar frá 27. mars 2012 þegar bæjarstjórn hafnaði umsókn um lítið 65 herbergja hótél og stóð með íbúum vegna mögulegrar lækkunar á fasteignaverðir. Sömu rök eigi við nú. Spyrja um jafnræði. Skipti líklega ekki máli hvað þeim finnist sem eru á sjötugs- og áttræðisaldri. Þau séu að hugsa um ungafólkið. Bæjaryfirföld hafi metnaðarfullar hugmyndir um uppbyggingu á Sementsreit, fegrun Niðurskagans og Breiðar. Samræmist ekki þeim hugmyndum. Spyrja hvort uppbygging á Siglufirði hefði átt sér stað í návist við hausþurrkun?

Hafa rætt við fjárfesta sem taldi þetta ekki ganga saman við hugmyndir um uppbyggingu sementsreitsins. Spyrja hvort slík starfsemi gæti gengið úti á Granda í Reykjavík. Vísar til skýrslu Minjastofnunar um gamla bæinn á Akranesi. Hafi búið á Akranesi alla ævi en nú sé svo komið að þeim langi til að flytja. Búin að ræða við fasteignasala og lögfræðinga og þeir hafi upplýst að við sölu á húsinu verði að upplýsa um lyktin. Það leiði til þess að verð hússins lækki um 5. mkr. Venjuleg fiskvinnsla og íbúðarbyggð geti farið saman en ekki hausþurrkun með ýldulykt. Muni leita réttar síns verði skipulagið samþykkt og starfsleyfi gefið út vegna verðfalls á eign. Samþykki bæjaryfirvöld breytinguna sé það fordæmalaus yfirgangur. Skora á bæjaryfirvöld að hafna tillögunni og finna verksmiðjunni annan stað ekki í nálægð við mannabyggð.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að þeim yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Hvað varðar athugasemd við óháðan lyktarskynmatshóp er lagt til að það verði Akraneskaupstaður sem skipi í hópinn en ekki HB Grandi hf. til að hlutleysis sé gætt. Eftir er að útfæra endanlega hvernig slíkur hópur skal vinna en lagt er til að útfærsla þess verði á forræði Akraneskaupstaðar. Ábendingu um að hópurinn mæli oftast en 2 í viku er vísað til nánari útfærslu á því. Ganga þarf frá samkomulagi þar um við HB Granda hf.

Tekið er undir sjónarmið um gildi gamla bæjarins á Akranesi. Um bótaskyldu og byggingu mannvirkjanna á öðrum stað og umfjöllunar um óson er vísað til umsagnar um athugasemdir nr. 1, 2 og 5.

49. Halldór Karlsson og G. Sæbjörg Jónsdóttir, 23. mars 2016.

Mótmæla breytingunni. Vilja ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

50. Birkir Óskarsson, 22. mars 2016.

Tekur fram að hann sé sonur Óskars Arnórssonar og Rannveigar Þórsdóttur, Vesturgötu 17. Fæddur og uppalinn á Vesturgötu 17 og kannist því við lyktina. Lyktin sé einn af áhrifavöldum þess að hann flutti burtu. Býr í Danmörku þar sem hann var við nám í verkfræði. Sterkar taugar til Akraness en mun ekki flytja aftur á stað þar sem hausþurrkun sé staðsett í íbúðarbyggð. Spyr hvort setja eigi stóran stein í götu fólks eins og hans um að flytja heim. Kveðst kannast við rannsóknir og loforð sem aldrei hafi verið staðið við og hafi ekki skilað neinu. Fólk sé þreytt á að berjast við þetta. Skorar á bæjaryfirvöld að hlusta á íbúa. Þeir kvarti ekki að ástæðulausu. Uppbygging sé mikilvæg en hlúa þurfi að þeim sem eiga heimili í sveitarfélaginu.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

51. Hörður Ó. Helgason, 29. mars 2016.

Mótmælir tillögunni. Fram komi í umhverfisskýrslu, bls. 3, að aldrei verði komist hjá allri lyktarmengun en fullyrt er að lykt sem metin sé með stöðluðu lyktarskynmati í 250m fjarlægð frá þurrkuninni ætti ekki að vera meiri en dauf í undantekningartilvikum og því gæti lítilla áhrifa á íbúðabyggð. Fullyrðingarnar séu ekki studdar vísindalegu mati eða mælingum heldur lyktarskynmati eins starfsmanns frá 24. febrúar til 13. apríl 2015 og á getgátum um áhrif nýs þurrkunarhúss. Þetta sé ekki marktækt og ekki stuðst við reynslu af sambærilegum fiskþurrkunum t.d. í öðrum byggðarlögum s.s. Þorlákshöfn.

Í umhverfisskýrslu séu sýnd áhrif fyrir og eftir byggt á framangreindu lyktarskynmati. Fyrir hafi sterk lykt fundist í 400m fjarlægð en eftir verði hún ekki nema í 240m fjarlægð. Þetta sé ekki marktækt. Íbúar í 400m fjarlægð frá núverandi þurrkun hafi oft kvartað yfir lykt og 250m línán sneiði rétt hjá íbúðabyggð. Telur að fjarlægðin sé byggð á óskhyggju. Meingallað við þessar myndir að ekkert er sagt um við hvað sé miðað s.s. vindáttir, rakastig, vindstyrk. Einsýnt sé að lyktarmengun frá nýrri þurrkun muni valda íbúum á Neðri-Skaga óþægindum og skerða lífsgæði þeirra. Það eigi að nægja til að hafna tillögunni. Bæjaryfirvöld eigi að hafa hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi.

Framkvæmdirnar séu óafturkræfar. Ef tilraunir takist ekki til að stemma stigu við lyktarmengun sitji íbúar og fyrirtæki á Neðri-Skaga uppi með skaðann. Bæjaryfirvöld geti ekki krafist lokunar nema með því að skapa sér bótaábyrgð upp á mörg hundruð milljónir.

Áform HB Granda séu hugsuð í tveimur áföngum. Fyrirvari er settur um 2. áfanga þannig að leyfi fyrir honum verði ekki veitt nema tekist hafi að tryggja viðunandi grenndaráhrif vegna fyrsta áfanga og að ljós sé að áhrifin versni ekki við byggingu 2. áfanga. Í umhverfisskýrslu segi að að augin framleiðslugeta með 2. áfanga muni ekki muni ekki auka lyktarmengun. Telur þessar upplýsingar ótrúverðugar og spyr hvort einhver trúi þessu? Í umhverfisskýrslunni sé ekki að finna upplýsingar um hönnun 2. áfanga.

Spyr hver eigi að meta viðunandi grenndaráhrif 1. áfanga? Eðlilegast að íbúar gerðu það en ekki óháður lyktarskynmatshópur. Ekki traustvekjandi. Gæti leitt til þess að lyktarskynmatshópur mæti fullnægjandi en íbúar í nágrenni ekki sammála. Ekkert væri þá til fyrirstöðu að byggja 2. áfanga. Annað dæmi, ef lyktarskynmatshópur mæti að ekki hefði tekist að tryggja viðunandi árangur 1. áfanga þá sætu menn samt uppi með hann. Litist betur á að HB Grandi gæfi út yfirlýsingu um að ef fullnægjandi árangur næðist ekki yrði fiskþurrkuninni lokað. Best litist honum á að hafna tillögunni og hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Fram komi í á bls. 12 í umhverfisskýrslu að tilkoma landfyllingar og annars áfanga muni hafa óafturkræf áhrif á ásýnd svæðisins. Mótmælir þessum áformum og spyr hvort þörf sé á landfyllingu hvort ekki sé nægilegt byggingarland við Breiðargötu?

Vísar til þess að hámarkshæð bygginga megi vera 13m en það jafnist á við 4. hæða hús. Á fundi í Tónabergi 14. febrúar hafi verið fullyrst að raunhæð bygginga yrði ekki svo mikil en háfar gætu náð í þá hæð. Bendir á að með því að samþykkja þá hæð sé verið að gefa fordæmi fyrir öðrum byggingum á Breiðinni.

Bendir á að aukinni framleiðslugetu fylgi aukin umferð. Stærsti hluti núverandi framleiðslu komi frá bolfiskvinnslu á Akranesi en það sem á vanti komi landleiðina frá Reykjavík. Ljóst sé að með aukinni vinnslugetu 1. áfanga aukist það magn sem þurfi að flytja og enn við 2. áfanga. Umferð flutningabíla muni því stórukast. Spyr hvort það sé vilji bæjaryfirvalda. Spyr hvornig tryggja eigi að allt hráefnið verði ferskt, hafi ekki gengið vel hingað til.

Oft verið minnst á uppbyggingu í umræðu um málið. Á bls. 13 í umhverfisskýrslu seigi að störfum fjölgi á uppbyggingartíma en ekki sé ljóst hvort störfum fjölgi eftir þann tíma en vinnuumhverfi verði tryggara. Ekki nefndur möguleiki að störfum fækki vegna aukinnar sjálfvirkni. HB Grandi hafi greint frá áformum um uppbyggingu á Akranesi. Spyr hvort þær hugmyndir byggji ekki á fyllingum við austurhöfn og hversu líklegt sé að þær hugmyndir verði að veruleika?

Margskonar uppbygging sé í farvatninu á Akranesi t.d. á útivistarsvæðinu á Breiðinni og Sementsreit. Ef rétt verði staðið að því geti sú uppbygging skilað fleiri störfum og verðmætum til samfélagsins en fiskþurrkun. Óttast að lyktarmengun og aukin umferð vegna fiskþurrkunar muni hafa neikvæð áhrif á þessa uppbyggingu.

Notkun ósons muni aukast en það sé skaðlegt efni s.s. lesa megi á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Spyr hvort kannað hafi verið hvort aukin notkun ósons geti valdið skaða í nágrenninu? Ekkert sé sagt um áhrif ósons í umhverfisskýrslunni. Hávaðamengun, á bls. 13 í umhverfisskýrslu sé fjallað um gríðarmikið magn útblásturslofts og öflugar víftur. Spyr um hávaðamengun frá slíkum víftum og hvort fyrirtækinu verði sett skilyrðir um hávaðamengun í ákveðinni fjarlægð frá verksmiðjunni.

Frárennsli, á bls. 11 í umhverfisskýrslu. Frárennsli sé svipað og af annarri fiskvinnslu, jafnvel minni. Spyr hvor frárennsli frá stærri verksmiðju sé ekki meira en frá minni og hvort ekki sé aukin hætt á mengun vegna aukin frárennslis. Bendir á svar á bls. 14-16, aukin hætta sé á lykt í kerfinu. Í töflu sé getið aðgerða en spurt er hver hafi eftirlit með þeim?

Mengandi starfsemi eins og fiskþurrkun eigi ekki að staðsetja við íbúðabyggð. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness. Akraneskaupstaður eigi nægilegt byggingarland þar sem ekki sé hætta á að mengun skerði lífsgæði íbúa til framtíðar.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Fullyrðing um lykt í 250m fjarlægð er ekki ágiskun heldur byggir hún á lyktarskynmati HB Granda við mismunandi veðuraðstæður samkvæmt upplýsingum félagsins og fyrirhuguðum úrbótum. Er sú niðurstaða í samræmi við niðurstöðu skýrslu VSÓ, dags. apríl 2015, um að með þeim aðferðum sem HB Grandi hyggist beita, með þeim viðbótum sem lagðar eru til af hálfu VSÓ, ætti að vera tryggt að lykt valdi ekki óþægindum í næsta umhverfi við verksmiðjuna. Markmið HB Granda sem sett eru fram í umhverfisskýrslu taka tillit til mismunandi veðuraðstæðna og ríkjandi vindátta.

Takist HB Granda ekki að koma böndum á lyktarmengunina kann að gæta tregðu við að flytja starfsemina vegna þeirra fjármuna sem lagðir hafa verið í hana á þessum stað. Forstjóri HB Granda hefur hins vegar lýst því yfir opinberlega að félagið muni ekki standa í stríði við íbúa takist félaginu ekki að ná markmiðum sínum varðandi lyktarmengun. Í minnisblaði frá forstjóra HB Granda segir um þetta:

„Að lokum má geta þess að það stendur ekki til að reka fiskþurrkun á Akranesi hvað sem tautar og raular. Þ.e.a.s. HB Grandi mun ekki standa í þeim rekstri ef að markmið um lámörkun óþæginda vegna lyktar nást ekki. Það er erfitt að segja til um hvenær fullreynt er en ég mynda halda að ef ekki sæist til sólar hvað það varðar til að mynda tveim árum eftir að ný viðbygging verður tekin í notkun gæti það talist fullreynt.“

Ekki er rétt að ekki sé að finna upplýsingar í umhverfisskýrslunni um hönnun áfanga 2. Á bls. 14 er t.d. gerð grein fyrir þeirri hönnun. Tekið er fram að eftirþurrkun í færibandaklefa sé í eðli sínu eins og eftirþurrkun í 1. áfanga og útblástursloft verði meðhöndlað á sambærilegan hátt. Hvað varðar mat á áhrifum 1. áfanga áður en veitt verður leyfi fyrir öðrum áfanga þá munu bæjaryfirvöld, þ.á.m. byggingaryfirvöld, meta hvernig til hefur tekist með 1. áfanga áður en leyfi verður veitt fyrir frekari framkvæmdum.

Hvað varðar athugasemd við óháðan lyktarskynmatshóp er lagt til að það verði Akraneskaupstaður sem skipi í hópinn en ekki HB Grandi hf. til að hlutleysis sé gætt. Eftir er að útfæra endanlega hvernig slíkur hópur skal vinna en lagt er til að útfærsla þess verði á forræði Akraneskaupstaðar. Ábendingu um að hópurinn mæli oftast en 2 í viku er vísað til nánari útfærslu á því. Ganga þarf frá samkomulagi þar um við HB Granda hf.

Tillagan gerir ráð fyrir 4000m² fyllingum. Aðalskipulag geri hins vegar ráð fyrir mun stærri landfyllingum á svæðinu. Tillagan geri ekki ráð fyrir að fyllt verði upp í Steinsvör að fullu þó fyllt verði upp í hana að hluta.

Ljóst er að umfang þeirra mannvirkja sem tillagan gerir ráð fyrir og hæð er verulegt en þó ekki umfram það sem búast má við á athafna- og hafnarsvæðum. Í því sambandi er minnt á að í skipulagstillögunni er tekið fram að vanda skuli til hönnunar bygginga á svæðinu þannig að þær verði bæjarprýði hvort heldur sem er frá sjó eða landi. Hámarks hæð bygginga er heimil 13m. samkvæmt tillögunni. HB Grandi hefur lýst því yfir að húsin verði ekki í þessari hæð en tæknibúnaður og hluta mannvirkjanna geti náð upp í þessa hæð. Skilgreina mætti þetta nánar í skilmálum til samræmis við fyrirætlanir félagsins og til að tryggja að umfang og ásýnd verði ekki stórkallaleg.

Í umhverfisskýrslu HB Granda kemur fram að umferðaröryggi muni aukast þar sem hætt verði að keyra hálfunna vöru úr forþurrkun í eftirþurrkun. Ljóst er því að umferð vegna þess mun minnka. Í umhverfisskýrslunni kemur jafnframt fram að stærstur hluti hráefnis fyrir þurrkverksmiðjuna komi frá vinnslu félagsins á Akranesi og bolfiskvinnslunni í Reykjavík. Af

Því leiðir að ef vinnslan yrði flutt fyrir utan bæinn þyrfti að keyra hráefni frá núverandi fiskvinnslu í bænum í gegnum bæinn. Undirrituðum er ekki kunnugt um að gerð hafi verið sérstök skoðun á þessu en fullyrða má að umferðin af slíkum flutningum myndi að einhverju leyti jafnast út við þá flutninga sem nú eiga sér stað í gegnum bæinn að þurrkuninni. Ljóst má þó vera að verði meiru hráefni keyrt að vinnslunni frá öðrum stöðum mun það kalla á aukna umferð. Aukin vinnsla kallar auk þess alltaf á aukna umferð frá vinnslunni. HB Grandi gerir ekki ráð fyrir að kaupa hráefni frá öðrum til vinnslu á staðnum sbr. umfjöllun í minnisblaði forstjóra HB Granda sjá umsögn um athugasemd nr. 2.

Eins og kemur fram í umhverfisskýrslu er óson besta þekkta leiðin sem til er í dag við lyktareyðingu í fiskþurrkunum. Þessi aðferð er notuð víða og ekki hafa komið upp, svo vitað sé til, tilvik þar sem notkun efnisins í þessum tilgangi hafi ógnað heilsu manna eða dýra. Óson (O_3) er mjög óstöðugt og brotnar hratt niður í hreint súrefni (O_2). Óson sem notað er við fiskþurrkun og aðra vinnslu er búið til sérstaklega með þar til gerðum búnaði undir mjög stýrðum aðstæðum. Öll ósontæki eru með skynjurum sem tryggja réttan ósonstyrk svo mönnum stafi ekki hætta af ósoninu. Hægt er að mæla styrk ósons í aflofti. En þær niðurstöður myndu samt aðallega segja til um hvort það væri örugglega ekki verið að nota nógan styrk til meðhöndlunar á lofti frekar en að styrkur væri svo hár að hann færi að hafa heilsuspillandi áhrif. Óson hefur þann kost að skilja aðeins eftir sig súrefni en ekki nein hættuleg aukefni hvort sem er í vatni, fráveituvatni eða lofti og veldur því ekki mengun heldur þvert á móti dregur úr mengun og er það mjög mikilvægur eiginleiki.

Notkun ósons við hreinsun og sótthreinsun er því ekki talin hafa áhrif á hækkandi ósonstyrk í andrúmslofti og því ekki talin ástæða til sérstakra vöktunar eða mótvægisáðgerða annarra en þeirra sem koma fram í reglugerð um styrk ósons nr. 745/2003. Í reglugerðinni segir að „í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum ósons skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun af völdum ósons og beita skal til þess bestu fánlegu tækni“. Umfjöllun um sértækar áðgerðir tilheyrar starfsleyfisumsókn og því ekki getið sérstaklega í umhverfisskýrslu deiliskipulags. Umhverfisstofnun hefur fylgst með bakgrunnsstyrk ósons og hingað til hefur ósonmengun ekki valdið heilsupillandi áhrifum á Íslandi.

Fyrirtækinu er sett skilyrði um hávaðamengun í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Þar er sagt: „Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða“. Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða. Mörk fyrir hávaða frá iðnaðarsvæði og athafnasvæði er 70 dB við húsvegg.

Það liggja ekki fyrir upplýsingar um hljóðstig frá blásurum og viftum sem notaðar verða, enda kann það að vera misjafnt eftir framleiðendum. Hins vegar ber starfsleyfishafa að fara eftir viðmiðunarmörkum um hávaða, sem í þessu tilviki er 70 dB við húsvegg. Ef miðað er við að hávaði frá starfsemi sé 70 dB, þ.e. í efstu mörkum, má gera ráð fyrir að hávaði sé kominn undir 45 dB í 500 m og vel undir 40 dB í 1.500 m. Ekki hafa verið gerðar hávaðamælingar frá fiskþurrkun svo vitað sé. Tekið er undir þær ábendingar að umfjöllun um hávaða og viðmið í umhverfisskýrslu hefði getað verið skýrari.

Innra eftirlit er á ábyrgð fyrirtækisins en síðan hefur Heilbrigðisnefnd eftirlit með öllum fráveitum. Tekið skal á kröfum til frárennslis í starfsleyfinu og eru þar settar fram í samræmi

við fyrirmæli byggingarnefndir og heilbrigðiseftirlits, Unnið er að heildarúttekt á fráveitumálum og er frárennsli frá starfsemi HB Granda hluti af því. Miðað við búnað sem byggir á bestu fánægri tækni er ekki talið að aukinn framleiðsla skv. deiliskipulagsbreytingu auki á mengun í frárennsli.

Rétt er hjá athugasemdaaðila að ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvort uppbyggingin geti haft í för með sér fækkun starfa t.d. vegna aukinnar sjálfvirkni. Samkvæmt upplýsingum Akraneskaupstaðar hefur ekki verið fallið frá áformum um fyllingar. Akraneskaupstaður getur ekki svarað því hversu líklegt sé að áform HB Granda um aðra uppbyggingu á Akranesi gangi eftir. Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

(Viðbót 18. febrúar 2017)

Um Steinsvör og fyllingu í hana, gönguleiðir og aðgengi að fjöru vísast nánar til umfjöllunar um fornleifaskráningu og fyllingar í svari við athugasemd nr. 3 að framan.

Um frárennsli vísast til frekari umfjöllunar undir lið nr. 57 síðar í umsögn þessari.

52. Helgi Björn Hjaltsted, 31. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

53. Linda Vernharðsdóttir, 31. mars 2016.

Mótmælir breytingunni. Vill ekki að stærsta fiskþurrkun verði reist við íbúðarbyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt að valdi lyktarmengun. Lyktarmengun rýri lífsgæði íbúa á Neðri-Skaga. Hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæði á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins og Sementsreitsins og á ímynd og ásýnd Akraness almennt. Skorar á bæjaryfirföld að hafna tillögunni og að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu.

Um aðra staðsetningu vísast til umsagnar um athugasemd nr. 2.

54. Betra Akranes – Íbúasamtök um betri byggð á Akranesi, dags 7. mars 2016

Áskorun. Fagna nýjum samningi við ASK arkitekta um deiliskipulagningu Sementsreits. Lýsa furðu á leggja samtímis fram tillögu að breytt deiliskipulag á Breið sem sé spölkorn frá Sementsreitnum. Verði tillagan samþykkt muni HB Grandi reis stærri og lyktarmengandi hausapurkkunarverksmiðju í stað eldri sem hafi verð umkvörtunarefni bæjarbúa í 15 ár. Óháðar matsskýrslur staðfesti að tækni ráði ekki við að gera slíka verksmiðju lyktarlausa. Er skorað á bæjaryfirföld að hefja viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við íbúa Akraness. Vísað er til þess að undirskriftarsöfnun sé hafinn þar sem íbúar séu hvattir til að lýsa stuðning við áskorun samtakanna. Forsvarsmenn samtakanna lýsa áhyggjum af framtíð Akraness starfi hausapurkkunin í nágrenni íbúðabyggðar.

Umsögn:

Bæjarstjórn Akraneskaupstaður vísaði áskoruninni til umsagnar í auglýsinga- og kynningar ferlis skipulagsins. Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu. Hvað varðar breytta staðsetningu er vísað til umsagnar um athugasemd nr. 2.

55. Aukin uppbygging, dags 30. mars 2016

Ávarp og undirskriftarlisti 767 kjósenda á Akranesi. Vísa til þess að traust og framsækið atvinnulíf sé ein af mikilvægustu stöðum sveitarfélags. Í þéttbýli þurfi að taka tilliti til þarfa mannlífs og atvinnulífs. Til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu séu stórhuga hugmyndir HB Granda um uppbyggingu og fyrsta skrefið sé endurbætur á hausapurkkun fyrirtækisins. Byggt verði nýtt húsnæði og nýjustu tækni beitt til að minnka áhrif á umhverfið eins og gert hafi verið á fleiri stöðum s.s. á Egilsstöðum. HB Grandi hafi sýnt á margvíslegan hátt að félaginu sé treystandi s.s. með fiskimjölsverksmiðju á Akranesi. Lýsa fullum stuðningi við tillögur HB Granda að breyttu deiliskipulagi og hvetja sveitarstjórn til að samþykkja hana.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu. Staðfest skal að listar sem sendir voru með áskoruninni verða ekki nýtt af hálfu Akraneskaupstaðar en til að fjalla um mál þetta. Listinn verður ekki birtur opinberlega, dreift né afhentur óviðkomandi.

56. Betra Akranes, undirskriftarlisti til stuðnings loftgæðum fyrir alla Akurnesinga – , dags 30. mars 2016

Áskorun og undirskriftarlisti með 520 nöfnum. Lýsa því yfir að þau mótmæli auglýstri deiliskipulagsbreytingu. Vilja ekki að stærsta fiskþurrkun á Íslandi verði reist við íbúabyggð á Neðri-Skaganum. Óumdeilt sé að fiskþurrkun valdi óþægilegri lyktarmengun. Telja að lyktarmengun muni rýra lífsgæði á Akranesi og sérstaklega þeirra sem búa á Neðri-Skaga. Lyktarmengun hafi neikvæð áhrif á útivistarsvæðið á Breiðinni, uppbyggingu gamla bæjarins

og Sementsreitsins og á ímynd og ásyn Akraness almennt. Skora á bæjaryfirvöld að hafna tillögunni og hefja í kjölfarið viðræður við HB Granda um aðra staðsetningu í sátt við alla íbúa Akraness.

Umsögn:

Gangi áform HB Granda eftir skv. umhverfisskýrslu mun lyktarmengun frá starfseminni hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæði við Breiðina, á íbúðarhverfi í nágrenninu og á Sementsreitinn. Ástandið mun því batna verulega frá núverandi ástandi þó upp geti komið undantekningartilvik þar sem lykt mun valda óþægindum. Gangi það eftir verður að telja að starfsemin falli vel að yfirlýsingum í aðalskipulagi enda ætti þessi starfsemi þá ekki að ryðja í burtu annarri starfsemi né vera í andstöðu við markmið um fjölskylduvæn búsetuskilyrði. Takist það ekki eru líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif bæði á búsetu og aðra starfsemi á svæðinu. Hvað varðar breytta staðsetningu er vísað til umsagnar um athugasemd nr. 2. Staðfest skal að undirskriftarlisti sem sendur var með áskoruninni verður ekki birtur opinberlega, dreift né afhentur óviðkomandi.

57. Aðrar breytingar á tillögunni:

Vegna athugasemdar Skipulagsstofnunar um að umhverfisáhrif fyllingarinnar hafi ekki verið metin þá er það rétt enda ekki um matskylda framkvæmd að ræða þó hún falli undir lið 10.23 í viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Vegna athugasemdarinnar err lagt til að það verði áréttað í skilmálum skipulagsins þ.e. að fyllingin falli undir lið 10.23. Að auki hefur verið bætt við umfjöllun um fyllingarnar inn í kafla 7.2, um áhrifamat, í umhverfisskýrslu. Þar segir m.a.:

„Áhrif af framkvæmd samkvæmt **deiliskipulagstillögu** um Breiðarsvæðið eru mun minni en af þeim framkvæmdum, sem aðalskipulagið fjallar um og ná þau til lítils hluta strandarinnar. Þau áhrif eru sambærileg við það sem gert hefur verið beggja vegna lóðanna og upp af víkinni sem nú er nefnd Steinsvör, þ.e. grjótvörn mun ná fram á berar klappirnar.

Innan deiliskipulagsins eru tvö garðlög og bæjarstæði Neðri Sýruparts, sem nú stendur í Görðum. Við jarðrask gætu komið í ljós leifar aldalangrar búsetu þar og tómtúsa. Þá gildir varúðar- og tilkynningarregla 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Landfylling við nýbyggingar og austan þeirra mun ná fram á Sýrupartskletta milli Steinsvarar og Skarfavarar. Hún mun hafa neikvæð áhrif á ásyn strandarinnar og eru þau áhrif fyrst og fremst sjónræn. Áhrif landfyllingar á sjávarlíf eru staðbundin og smávægileg í stærra samhengi.

Breytingin hefur ekki áhrif á útivistarleiðir. Þær verða áfram eftir götum ofan bygginga þar sem byggingar loka áfram greiðum gönguleiðum með sjónum þótt áfram verði aðgengi að ströndinni.“

Í umsögn sinni um tók Skipulagsstofnun undir að skilgreina mætti betur hámarkshæðir bygginga. Vegna þessa hefur HB Grandi lagt til breytingu á skilmála um hámarkshæð í skipulaginu og lækkað hámarkshæð húsa úr 13m í 12m en búnaður megi ná upp í allt að 13. Lagt er til að til viðbótar við þetta verði bætt við skilmálan að við hönnun skuli leitast við að hanna mannvirki með þeim hætti að umfang og ásyn taki mið af staðsetningu húsanna s.s. með því að brjóta húsinn upp í hönnun.

Í umsögn sinni óskaði Skipulagsstofnun eftir að leitað yrði umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) svaraði beiðni Akraneskaupstaðar um


umsögn með bréfi dags. 9. ágúst 2016. Í bréfinu kemur fram að þrátt fyrir að Skipulagsstofnun hafi gert athugasemd við að ekki lægi fyrir umsög HeV þá hafi HeV verið vel kunnugt um málið. HeV álíti að vart verði lengra komist hvað varðar loftmengun frá starfseminni.

HeV bendir hins vegar á fráveitumálin. Gert hafi verið ráð fyrir að hreinsistöðu OR myndi taka við öllu frárennsli frá íbúum og fyrirtækjum á Akranesi. Starfsleyfi hafi verið gefið út fyrir hreinsistöðinni 2010. Aðilum hafi hins vegar yfirsétt að á ákveðnum tímapunktum geti frárennsli þrefaldast á við meðalrennsli t.d. þegar hrogn og loðnuvinnsla fer fram. HeV sé kunnug um að OR og HB Grandi hafi fundað um þessi mál og að fyrir liggi tillaga um hreinsun á fráveitu HB Granda. Tillagan geri ráð fyrir svokallaðri neyðarútrás sem gangi í sjó við Steinsvör. Heilbrigðisnefnd hafi fjallað um þessa útfærslu á fundi þann 20. júní 2016. Nefndin hafi fallist á þessa fráveitu frá hrognavinnslnni enda leggi HB Grandi inn nákvæmari gögn sem sýni útfærslu búnaðar og samþykki OR fyrir afnotum af útrásinni. Útrásin verði lengd út fyrir stórstraums fjöruborð. Nefndin muni endurskoða málið 1. maí 2017. Framangreint kallað líka á nýtt starfsleyfi fyrir fráveitu OR.

Vegna ábendingar Skipulagsstofnunar og í samræmi við umsögn HeV hefur verið bætt inn nýjum lið inn í kafla 7.1 í umhverfismatskýrslu skipulagsins þ.e. lið nr. 10 þar sem fjallað er um meðferð á frárennsli frá verksmiðjunni. Þá er lagt til að inn í skilmála skipulagsins komi eftirfarandi skilmáli:

„Áður en veitt verður byggingaleyfi fyrir framkvæmdum á svæðinu þarf að liggja fyrir að gengið verði frá frárennsli með fullnægjandi hætti sbr. umfjöllun þar um í lið 10. í kafla 7.1 í umhverfisskýrslu eða á annan þann hátt sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur fullnægjandi.“

Virðingarfyllst,
f.h. Landslaga,



Ívar Pálsson hrl.